



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ



Varða í landi Urriðakots

Ragnheiður Traustadóttir
Rúna Knútsdóttir Tetzschner

Febrúar 2005

2005/40

INNGANGUR	3
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	4
<i>Fornleifaskráning og aðferðir</i>	5
<i>Aðferð við skráningu.....</i>	5
<i>Jarðanúmer</i>	5
<i>Tegund, hlutverk og heiti</i>	5
<i>Lega</i>	6
<i>Staðhættir og lýsing</i>	6
<i>Hættumat</i>	6
<i>Heimildir</i>	6
<i>Saga jarðanna og fornleifar</i>	6
URRIÐAKOT - 117902-174.....	8
SAGA.....	8
<i>Bæjarstæði horft í norðvestur 174-1</i>	9
<i>Náttúrufar og jarðabætur</i>	9
LANDAMERKI.....	10
ÖRNEFNI	10
HEIMILDASKRÁ.....	10
FORNLEIFASKRÁ URRIÐAKOT	12
STRÍÐSMINJAR.....	68
SAMANTEKT.....	69
NIÐURSTÖÐUR.....	70
FORNLEIFALISTI FYRIR URRIÐAKOT.....	73
KORTASKRÁ.....	76
HEIMILDASKRÁ	81
<i>Óprentaðar heimildir</i>	81
<i>Prentaðar heimildir.....</i>	81

Inngangur

Í janúar árið 2005 fól Alta ehf. fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðar að skrá fornleifar vegna deiliskipulags og breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar á jörðinni Urriðakoti. Aðeins sá hluti jarðinnar var skráður á vettvangi sem deiliskipulagið og breytingar á aðalskipulagi ná til. Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, ásamt öðru starfsfólki Byggðasafnsins stjórnaði skráningunni og hefur áður skráð stóran hluta í landi Garðabæjar.

Í drögum að breytingu á aðalskipulagi frá 15. nóvember 2004 í landi Urriðaholts er svæðið skilgreint svona: “Svæðið sem breyting nær til afmarkast á eftirfarandi hátt, sjá einnig tillöguuppdrátt. Til norðvesturs af Reykjanesbraut. Til norðurs af landamörkum Oddfellowreglunnar og Garðabæjar í Svínahrauni, til austurs og suðurs af Elliðavatnsvegi og til vesturs af landamörkum við Setbergsland frá Elliðavatnsvegi áfram til norðurs um Urriðavatn að Reykjanesbraut”.

Urriðakot kemur fyrst fyrir í heimildum á fyrri hluta 16. aldar en jörðin hefur ekki verið í byggð síðan 1958 þegar bærinn Urriðakot í suðurhlíðum Urriðaholts fór í eyði.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, s.s. hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við skráninguna á vettvangi voru herminjar ekki skráðar hver fyrir sig, heldur sem heild en unnin var teikning af svæðinu út frá loftmynd. Herminjar eru ekki verndaðar í þjóðminjalögunum en á síðustu árum hafa þær verið skráðar og reynt eins og kostur er að vernda þær. Fornleifavernd ríkisins getur friðlýst yngri minjar en þær sem eru sjálfkrafa friðaðar í lögum og verður það að vera hennar mat í þessu tilviki.

Auk skýrsluhöfunda, Ragnheiður Traustadóttur, fornleifafræðings, og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner, sérfræðings, sem vann að mestu alla heimildavinnuna, unnu að fornleifaskráningunni í Urriðaholti þau Bryndis Zoëga, nemi í landafræði, og Anna Rut Guðmundsdóttir, nemi í fornleifafræði, sem annaðist hnitsetningu og kortagerð. Þór Jónsson las prófarkir.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita

sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun í landi Urriðakots fór fram, voru allar helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, túnakort og fornrit, í því skyni að finna vísbendingar um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan tölvugagnagrunn minjavörslunnar, Sarp, sem skýrsla þessi byggist á.

Við fornleifaskráningu eru fornleifar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹ Með hverri jörð fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjar í Urriðakotslandi eru færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit, þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum, í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Urriðakot - 117902 og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 174 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar fyrir sig, bæjarstæði á Urriðakoti væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Urriðakot 117902-174-1.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Stórarvarða eða Maríuhellar, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Til að hnitsetja minjarnar var notuð loftmynd frá Ísgraf af Urriðakotslandinu. Mátti sjá rústir mjög greinilega á myndunum og staðsetja þær með mikilli nákvæmni í landshnitakerfið Ísnet 93 en örfáum tilvikum voru hnit líka tekin á vettvangi.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Í flestum tilvikum við skráninguna var notað Hætta vegna framkvæmdar þótt ekki sé nákvæmlega vita hvar verður byggt, þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir af öllu svæðinu.


Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því, að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Saga jarðanna og fornleifar

Í eftirfarandi kafla er stiklað á stóru um sögu byggðar í Urriðakotslandi auk þess sem rakin er saga jarðarinnar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.





Bæjarstæði á Urriðakoti 174-1

Urriðakot - 117902-174

Saga

Urriðakot er fyrst nefnt í jarðaskiptabréfi árið 1563, ein 19 jarða sem konungur fær í skiptum fyrir jafnmargar sem renna til Skálholtsstóls. Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls var kotið árið 1703 hálfbýli í eigu konungs, ekki með "fyrirsvar nema til helmings á móts við lögbýlisjarðir". Ábúendur voru þeir Þórður Magnússon og Ólafur Ingimundarson² en í Manntali sama árs er í stað hins síðarnefnda tilgreindur Guðmundur Nikulásson. Hjá Þórði bjó ein þjónustustúlka en með hinum 27 ára gamla Guðmundi var móðir hans, Ása Ólafsdóttir, ekkja, yngri systur hans, Steinunn og Þóra, og Ásdís Ásbjarnardóttir, 6 ára "sveitarómagi".³

Í Manntali árið 1801 bjuggu á jörðinni hjónin Hannes Jónsson og Þorgerður Þorsteinsdóttir með Sigríði, 15 ára dóttur, og þrjá litla syni 2-5 ára.⁴ 15 árum síðar var dóttirin flutt að heiman en fæðst hafði önnur, Kristín.⁵ Þegar Manntal var tekið árið 1845 var þetta fólk á brott og Eyjúlfrur nokkur Gíslason, 22 ára, orðinn bóndi í Urriðakot og Guðrún Gísladóttir 24 ára, ráðskona hjá honum. Ef til vill hafa þau verið systkini en bæði voru úr Ölvesi og þaðan var líka 16 ára gömul vinnukona þeirra, Þuríður Þorgeirsdóttir.⁶ Samkvæmt Jarðatali var Urriðakot komið í bændaeign árið

² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: 223-4

³ Manntal 1703: 1-7

⁴ Manntal 1801: 366

⁵ Manntal 1816: 412

⁶ Manntal 1845: 405

1847 og ábúandi einn leigjandi.⁷ Jörðin er einnig nefnd í Jarðabók 1861.⁸ 1932 var hún samkvæmt Fasteignabók í einkaeigu og sjálfsábúð eða sjálfsnyttjun.⁹ Hún lagðist í eyði um miðja 20. öldina en var áfram nytjuð frá næstu jörðinni Setbergi.



Bæjarstæði horft í norðvestur 174-l

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðardýrleiki var óviss árið 1703 en landskuld alls 20 álnir. Hún skiptist til helminga milli ábúenda og gallst í fiski í kaupstað, áður heim til Bessastaða. Leigukúgildi var eitt, hálf hjá hvorum og greitt í smjöri til Bessastaða. Ábúendur uppyngdu það sjálfir. Þórður átti tvær kýr og eitt hross og Ólafur eina kýr að hálfu en jörðin fódraði þrjár. Kvaðir voru mannslán um vertíð sem þeir guldu til skiptis, dagsláttur og lambsfóður af báðum og tveir hríshestar árlega. Þegar Páll Beyer varð umboðsmaður konungs tók hann þó aðeins einn á tveimur árum. Aðrar kvaðir, svo sem skipaferðir og heyhestur til fálka sem bændum bar að bera, voru sjaldan heimtar. Ábúendur lögðu uppbótarlaust við til húsabótar í fjórtán ár og Þórður kvartaði yfir að hafa tekið við húsunum í lélegu ásigkomulagi. Þeir höfðu hrístekju til kolagjörðar og eldiviðar í landi konungs, torfristu og stungu. Engjar voru votlendar. Nokkur silungsveiði var í landareigninni en hún þó ekki stunduð. Dýrleiki jarðarinnar taldist 3 1/3 hundruð árið 1847 en 17,4 ný hundruð 1861. Þegar kom fram á 20. öld var matsverðið 111-115 hundruð kr., kúgildi fimm, sauðir 140-50 og hrossin eitt eða tvö.

Urriðakotstún hafði mest allt verið sléttað þegar Túnakort var gert árið 1918, þá 3,3 ha og 14 árum síðar fengust 154 hestburðir í töðu en 115 í úttheyi. Vestan túnsins voru engjar, mýrlendi og móarætur.

⁷ J.Johnsens: 92

⁸ Jarðabók 1861:38

⁹ Fasteignabók: 23

Matjurtagarðar voru 780 m² og gáfu 13 tunnur. Urriðakot átti landamerki á móti Setbergi að vestan, Vífilstöðum að norðan og austan og Garðakirkju að sunnan þar sem mættist heimaland þess og afréttarlandið.

Landamerki

Í Landamerkjaskrá frá 1890 segir: "Urriðakot á hálfa Fjárhellra mót Vífilstöðum sem fyrrum hjetu Maríuhellrar frammí vörðuna sín megin á Norðurhellragjáarbarmi, og í stóra steininn á fremmsta Tjarnholtinu með grasþúfu uppá, þaðan heimleiðis í vörðuna á miðri Þverhlíðinni þaðan í vörðuna á Flóðahjallatánni úr henni í Álp[*t*]artanga, þaðan í hellu sem er í miðjum hrauntanganum, kölluð Sílingarhella úr henni í uppmjóan háan Klett með Klofavörðu uppá sín megin [við] Stóra Krók og í gamlar Fjárrjettargrjótgirðingar í moldarhrauni, og uppí áðurnefnda Urriðakots Fjárhellra." Undir skjalið rita Nikulás Jónsson, eigandi Urriðakots, Jón Þorvarðsson, bóndi í Urriðakoti og Jón Guðmundsson í Setbergi en Þórarinn Böðvarsson gerir eftirfarandi athugasemd: "Landamerkjaskrá þessa samþykki jeg fyrir hönd Garðakirkju að öðru leyti en því, að Maríuhellrar (nú Vífilstaðahellrar) eru samkvæmt máldögum eign Vífilstaða svo sem jeg hefi lýst yfir þar sem jeg hefi skráð það, sem Vífilstaðir eiga sjerstaklega." Urriðakot er innan hinna fornu merkja á landi Garðakirkju á Álftanesi.

Örnefni

Urriðakot var sums staðar skrifað Aurriðakot eða Örríðakot en eftir að það lagðist í eyði var nafninu breytt í Urriðavatn.

Heimildaskrá

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931 öðlast gildi 1. apríl 1932.

Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna:

Bessastaðahr./Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum:1964. Urriðakot A1, 169-71 / B1, 165.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Þriðja bindi. Kmh. 1923.

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi.


Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 samkvæmt landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Ný Jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.

Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.

Urriðakotsland

fornleifaskráning 2005



Fornleifaskrá Urriðakot



Bæjarstæði á Urriðakoti 174-1

Urriðakot 117902 174 - 1

Sérheiti: Urriðakot

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: X: 399386,004034 Y: 358165,261936

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir

Á Túnakorti 1918 sést Urriðakot í miðju túni og samanstendur úr sjö sambyggðum húsum. Þar af sýnast tvö þau suðvestustu vera úr torfi en tvö þau norðaustustu úr steini og gengur aftur af þeim minna torfhús. Tvö hús eru auk þess sýnd sem opnar tóftir. Stefnan er norðvestur-suðaustur. Skv. Fasteignabók var þarna komið timburhús með vatnsveitu árið 1932 (bls. 23). Í Örnefnaskrá 1964 segir: "Bærinn stóð austur og upp frá Urriðavatni, við það kennt [...] því sem næst í miðju túni." (Uk. A20/Bt. B443). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Urriðakot er jörð í Garðabæ. Bærinn stóð suðvestan í Urriðakotsholti, norðaustan við Urriðakotsvatn. Bærinn stóð nálægt miðju túninu." (Bls. 1). Túnið lá í halla í holtinu.

Lýsing

Á bæjarhólnum í dag eru leifar af yngsta bænum frá miðri síðustu öld en Urriðakot fór í eyði 1958. Grunnarnir af húsunum erum allir mjög greinilegir. Það eru háir steyptir veggir sem en standa og bárujárnsleifar inni í tóftunum. Það er sennilegast að bærinn hafi alltaf staði á núverandi bæjarstæði. Bæjarhólinn er nokkuð hár og breiður og hægt er að sjá á vettvangi að hólinn er manngerður. Það er því nokkuð öruggt að undir yngstu húsunum er að finna mannvistarleifar.

Heimildaskrá

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931
öðlast gildi 1. apríl 1932.

Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna:
Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: 1964. Urriðakot A20, Bæjatal A459-61 / B443-5.

Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ skráð eftir Guðbjörgu
Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.

Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.

Nánari lýsing

Eyðijarðaskrá, 1963; Landn. ríkisins



Kálgarðurinn 174-2 sést framan við tóftina

Urriðakot 117902 174 - 2

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 399379,70048 Y: 358144,25009

Hleðsluhæð: 30 cm

Lengd: 32

Breidd: 30

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Á Túnakortinu 1918 er kálgarður með hlöðnum veggjum framan eða vestan við bæinn (174-1).

Lýsing

Leifar kálgarðsins sjást vel fyrir framan bæinn og bæjarhlaði. Kálgarðurinn er stór um 30 m breiður og lengd rúmir 30 m. Torfhlaðnir veggir frá 20 cm til 40 cm.

Heimildaskrá

Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.

Urriðakot 117902 174 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399368,896054 Y: 358158,67772

Lengd: 4

Breidd: 4

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Á Túnakorti 1918 má sjá útihús vestan við syðsta hús bæjarins (174-1), þar sem Suðurtraðir (174-16) byrja. Það er aflangt, líklega byggt úr steini, með sömu stefnu og traðirnar, þ.e. vestur-austur.

Lýsing

Þessar tóftir eru orðnar sokknar og má sjá móta fyrir grjóthlöðnum undirstöðum.

Heimildaskrá

Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.

Urriðakot 117902 174 - 4

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399355,326738 Y: 358166,942884

Lengd: 8

Breidd: 4

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Sunnan við útihús (174-3) og suðvestan við syðsta hús bæjarins (174-1) sýnir Túnakortið 1918 svolítið ferhyrningslaga útihús, líklega úr steini.

Lýsing

Tóftin orðin mjög sokkin en sést þó en á vettvangi.

Heimildaskrá

Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.



Útihús 174-5

Urriðakot 117902 174 - 5

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399232,189632 Y: 358154,389575

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Nálægt túnjaðrinum vestan megin, nokkuð sunnan Suðurtraða (174-16) má á Túnakortinu 1918 sjá hústóft, líklega af einhverju útihúsi. Hún er aflöng úr torfi og hefur stefnuna norður-suður.

Lýsing

Leifar af grjóthlöðnum undirstöðum af útihúsinu fundust á vettvangi, tóftin er 11 m á lengd og 2,5 m á breidd. Líklega hefur grjót úr túninu verið sett í úthúsið eftir það var rúst. Stór steinn er við suður endann.

Heimildaskrá

Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.

Urriðakot 117902 174 - 6

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399180,058431 Y: 358191,761154

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Við túngarðinn (174-9) sunnan megin sýnir Túnakortið 1918 ógirtan kálgarð og aflanga útihústóft. Hún er úr steini og hefur stefnuna vestur-austur.

Lýsing

Ekki sáust nein merki um þessa tóft en leifar af kálgarðinum sáust óljóst á vettvangi, en mun betur á loftmyndinni.

Heimildaskrá

Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.



Lambhús 174-7

Urriðakot 117902 174 - 7

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399302,361514 Y: 358214,301472

Lengd: 11 m

Breidd: 9 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Á Túnakorti 1918 er ferhyrningslaga torfhús neðan við ærhús (174-8), líklega lambhús sem nefnt er í Örnefnalýsingu 1988: "Túnið austan traðanna [174-11] var kallað Austurtún. Efst á Austurtúninu voru fjárhúsin, ærhúsið uppi við túngarð og lambhúsið neðar." (Bls. 1).

Lýsing

Tóftin af lambhúsunum snýr í n-s og er inngangur að norðan. Hefur hún veriðgrjót og torfhlaðinn, lengd um 11 m og breidd 9. Hleðsluhæð frá 20 cm til 50 cm. Rústin er töluvert sokkin í sinu.

Heimildaskrá

Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.
Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.



Fjárhús 174-8

Urriðakot 117902 174 - 8

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399338,517261 Y: 358226,196291

Lengd: 16 m

Breidd: 12 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Túnið austan traðanna [(nr. 2)] var kallað Austurtún. Efst á Austurtúninu voru fjárhúsin, ærhúsið uppi við túngarð og lambhúsið neðar." (Bls. 1). Fjárhúsin má líklega sjá á Túnakorti 1918 en þar eru tvö hús í túninu austan traða (nr. 2), annað, væntanlega ærhúsið, uppi við túngarð (nr.) en hitt nokkru neðar.

Lýsing

Á Túnakortinu er ærhúsið byggt úr torfi, tvískipt með stefnuna norður-suður. Fjárhúsin sem við skráðum á vettvangi eru sennilega byggð ofan á eldri útihúsum. Húsgrunnurinn sem stendur enn er steypur og má sjá leifar af bárujárns plötu í tóftinni, þó eru líka leifar að torf og grjóthleðslu í hluta rústinni, sem eru merki um eldra hús. Við suðurenda hefur verið hlaða og í sjálfu fjárhúsinu má sjá garð og steyp túsarbað.

Heimildaskrá

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.



Urriðakotstúngarður 174-9

Urriðakot 117902 174 - 9

Sérheiti: Urriðakotstúngarður

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 399431,389622 Y: 358232,499845

Hleðsluhæð: 50

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Á Túnakorti 1918 má sjá að túngarður liggur kringum túnið að sunnan, austan og norðan. Í Fasteignabók 1932 kemur fram að algirt var kringum Urriðakot með túngarði og girðingu (bls. 23). Í Örnefnalýsingu 1958 segir: "Urriðakotsbærinn stóð í Urriðakotstúni nær miðju, umhverfis túnið var Urriðakotstúngarður hlaðinn af torfi og grjóti. Suðurgarður sunnan að túninu. Austurtúngarður að ofan og Vesturtúngarður vestan." (Bl. 1). Örnefnaskrá 1964 ber hins vegar saman við Túnakortið: "Urriðakotstúngarður: garður af torfi og grjóti umhverfis túnið, að norðan, austan og ofan og sunnan, allt niður í Dýjamýri." (A21).

Lýsing

Túngarðurinn er ágætlega varðveittur og er auðvelt að rekja hann allan eins og hann er á túnakortinu frá 1918. Sést vel að garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti. Hleðsluhæð er frá 30 cm og allt að 1 metra. Hann hefur þó á stöku stað sokkið töluvert en með góðu móti væri hægt að varðveita hann allan og lagfæra þar sem hann lægstur. Það er ekki ólíklegt að garðurinn sé í grunninn frá elstu tíð.

Heimildaskrá

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931 öðlast gildi 1. apríl 1932.

Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna:

Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: 1964. Urriðakot A21 / B18.

Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ skráð eftir Guðbjörgu

Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.

Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.

Ari Gíslason: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ. 1958.

Örnefni

Urriðakotstúngarður.

Urriðakot 117902 174 - 10

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399176,305806 Y: 358204,513053

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnalýsingu segir 1988: "Ofan (norðaustan) Urriðakots var Upptúnið. Þar alveg við túngarðinn, beint upp af bænum var fjárrétt sem síðast var notuð u.þ.b 1934-35." (Bl. 1).

Lýsing

Torf og grjóthlaðin réttin við túngarðinn er um 10,5 m á lengd og 5,5 m á breidd. Hún er ágætlega varðveitt eins og túngarðurinn á þessum svæði.

Heimildaskrá

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 11

Sérheiti: Suðurtraðir

Hlutverk: Traðir

Tegund: Leið

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Á Túnakorti 1918 má sjá traðir sem liggja frá bænum suðvestur um túnið. Þetta eru líklega Suðurtraðir sem svo eru nefndar í Örnefnaskrá 1964, "traðir með tveimur gördum" sem lágu "frá bæ niður undir Dýjakrók" Suðurtraðarhlið hét svo hliðið "þar sem saman komu garðar traða og túns" (B22-3). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Suður frá bænum lágu traðir, hlaðnar úr torfi og grjóti. Traðirnar voru sléttaðar út árið 1928. Í eystri traðarveggnum, var stór steinn sem ekki var hreyfður, þegar traðirnar voru sléttaðar. Á steininn hafði afi heimildarmanns, Jón Þorvarðarson bóndi í Urriðakoti, höggvið áletrunina J TH 1846, en það ár mun hann hafa flust að Urriðakoti [...]. Utan um stafina hafði hann höggvið rétthyrndan ramma. Áletrunin er enn læsileg." (Bls. 1).

Lýsing

Það má sjá móta fyrir hvar traðirnar lágu en þær voru sléttaðar út og því horfnar að mestu leyti.

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A21-3 / B22-3. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.

Örnefni

Suðurtraðir, Suðurtraðarhlið.

Urriðakot 117902 174 - 12

Sérheiti: Gatan

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd "Gatan: Gata eða stígur heiman frá bæ að norðurtúngarði. Seinna varð hún aðalleiðin heim til bæjar. Vagnvegur." Einnig er nefnt "Traðarhliðið" eða "Túngarðshliðið: Hlið á norðurtúngarðinum." (B26-8). Í ódagsettri Örnefnalýsingu segir hins vegar: "Frá bæ lá svo Túngatan vestur túnið að Vesturtúngarðshliði." (Bls. 1). Örnefnalýsingu 1988 hefur þetta svona: "Rétt fyrir neðan Snorrallaut lá gata frá bænum norðvestur úr túninu." (Bls. 1). Þessa götu má sjá á Túnakorti 1918 og liggur hún í norðaustur að túngarðinum þar sem mótast fyrir hliði.

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B26-8. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918. Ari Gíslason: Ódagsett Örnefnalýsing.

Örnefni

Gatan, Túngarðshliðið, Traðarhliðið.

Urriðakot 117902 174 - 13

Sérheiti: Kvíaflöt

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399517,958429 Y: 358127,020376

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Samkvæmt Örnefnaskrá er Kvíaflöt "allstórt barð norðan túngarðsins ofan götunnar" (A62). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Kvíaflöt heitir allmikið barð norðvestan við túngarðinn og ofan við veginn, sem lá norðvestur frá bænum. Kvíaflöt var gerð að túni skömmu áður en Urriðakot fór í eyði. Vegurinn, sem hér um ræðir, var Urriðakotsvegur nýrri." (Bls. 2).

Lýsing

Engin merki eru kvíar á Kvíaflöt. Það er ekki ljóst af heimildum hvernig kvíar hafa verið þarna, en ef þar hefur verið mannvirki þá geta leifar þess leynst undir sverðinum.

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: 1964. Urriðakot A/B62. Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.

Urriðakot 117902 174 - 14**Sérheiti:** Fitin**Hlutverk:** Álagablettur**Tegund:** Heimild 465**Staðsetning:** X: 399497,787057 Y: 358003,050482**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Skv. Örnefnaskrá 1964 er Fitin "slétt flöt niður við Vatnið, alveg út við túngarð" (B32). Í Örnefnalýsingu 1988 segir Svanur Pálsson: "Norðan við Ferginsflöt á vatnsbakkanum er Fitin. Hún er utan túngarðsins, en varð síðan innan túngirðingar. Hún er álagablettur, sem ekki má slá. Í minni móður minnar var hún einu sinni slegin, en veturinn eftir drapst besta kýrin." (Bls. 1).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B32.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Fitin.

Urriðakot 117902 174 - 15**Sérheiti:** Skothúsbyrgi**Hlutverk:** Skotbyrgi**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** X: 399219,349221 Y: 357939,718054**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Skv. Örnefnaskrá 1964 er Skothústangi "lítill tangi út í vatnið austan við Álftatanga", einnig kallaður Skothús en á honum var "Skothúsbyrgi: Rúst gamals skotbyrgis" (A49-51). Í ódagsettri Örnefnalýsingu koma fram sömu upplýsingar en í Örnefnalýsingu frá 1988 segir: "Þar sem Þurumýrarlækur rennur í Urriðakotsvatn, er tangi út í vatnið Urriðakotsmegin, er nefnist Álftatangi. Hann er á mörkum Urriðakots og Setbergs. Skammt norðaustan við hann gengur annar tangi út í vatnið, Skothústangi. Í Skothústanga eru gamlar rústir af byrgi, er nefnast Skothús. Hér fram undan í vatninu eru kaldavermsl." (Bls. 2).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B49-51.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.
Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.

Örnefni

Skothústangi, Skothús, Skothúsbyrgi.

Urriðakot 117902 174 - 16

Sérheiti: Snorralaut

Hlutverk: Salernisathafnir

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399455,343127 Y: 358154,756013

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Örnefnaskrá 1964 nefnir Snorralaut án þess að gera grein fyrir hlutverki hennar: "Slétt laut í túninu innan garðs ofan götunnar." (A29). Í Örnefnalýsingu 1988 segir svo: "Nyrst í túninu var slétta, sem kölluð var Kinn, en niður af henni úti undir garði var laut, sem kölluð var Snorralaut. Nafnið er dregið af orðatiltækinu "að flytja Snorra", sem merkir að ganga örna sinna. Rétt fyrir neðan Snorralaut lá gata frá bænum norðvestur úr túninu." (Bl. 1).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: 1964. Urriðakot A/B29. Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.

Urriðakot 117902 174 - 17

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399334,635216 Y: 358137,527534

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Brunnurinn, "upphlaðinn af grjóti neðst í túninu sunnan til við Niðurflöt" og "stendur enn". Frá honum liggur Brunnstígurinn (nr. 2) "heim til fjóss og bæjar" og lækjarsitra eða Brunnrás: "norð-vestur í vatn neðan túns" (B38-40). Í ódagsettri Örnefnalýsingu segir: "Neðst í Niðurflötinni var Brunnurinn vel upphlaðinn brunnur. Frá honum lá Brunnngatan heim til bæjar. Frá Brunninum lá Brunnrásin niður úr Flötinni og eftir mýrinni út í Vatnið." (Bl. 1). Skv. Örnefnalýsingu 1988 er Brunnstígur eða Brunnngata sama og Suðurtraðir: "Neðan við traðirnar, sem lágu frá Urriðakoti, í mýrarjaðrinum rétt utan við túnið var brunnur, en leiðin frá brunninum til bæjar lá um traðirnar. Frá brunninum liggur Brunnrásin eftir mýrinni út í vatnið. Í vatninu hér fyrir neðan er pyttur, sem aldrei leggur." (Bl. 1-2).

Lýsing

Brunnurinn er sokkin mjög en þó má sjá leifar af hlöðnu grjóti ennþá.

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum

forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B38-40.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Brunnurinn, Brunnrás, Brunnstígur, Brunnngata.

Urriðakot 117902 174 - 18

Sérheiti: Urriðakotsstígur

Hlutverk: Leið

Tegund: Leið

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skv. Örnefnaskrá 1964 var Hagakotsstígur (sbr. Hagakot) sem lá frá Hagakoti að Urriðakoti stundum nefndur Urriðakotsstígur (Hk. A12). Það nafn var þó einnig haft um leiðina sem lá áfram frá Urriðakoti, nánar tiltekið "frá traðarhliðinu [(sbr. nr. 2)], ofanvert við Dýjakrók og Dýjamýri, undir Flóðahjalla að vaði á Oddsmýrarlæk, norðaustan í Setbergsholti að traðarhliði Setbergs niður túnið." (Uk. B52). Í Örnefnalýsingu 1988 segir um þessa leið: "Til suðurs frá traðahliði lá svonefndur Urriðakotsvegur eldri ofan við mýrina. Hann beygði síðan vestur með Hádegisholti, öðru nafni Flóðahjalla, sem er stórt holt suður af Urriðakotsvatni. Síðan lá vegurinn norðvestur eftir Setbergsholti noðaustanverðu, meðfram túngarði á Setbergi, norðvestur fyrir Setbergshamar og síðan til suðurs niður á Setbergsveg, sem lá til Hafnarfjarðar." (Bls. 2).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Hagakot nr. A11-12 / B10-11, Urriðakot nr. A/B52, 97.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Urriðakotsstígur, Urriðakotsvegur eldri.

Urriðakot 117902 174 - 19

Sérheiti: Hádegisholt

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Til suðurs frá traðahliði lá svonefndur Urriðakotsvegur eldri [174-18] ofan við mýrina. Hann beygði síðan vestur með Hádegisholti, öðru nafni Flóðahjalla, sem er stórt holt suður af Urriðakotsvatni." (Bls. 2). Hádegisholt er ekki nefnt í Örnefnaskrá 1964 en Flóðahjallaháls og í B-gerð segir að Flóðahjallatá sé "vestur og upp frá Hálsinum og átti þar að vera varða. Ekki

ólíklegt að það hafi verið Hádegisvarðan." (106-7). En skv. A-gerð "hét svo þar sem landamerkjavarðan átti að standa" (107). Hádegisholt er skráð á Landmælingakorti sem var endurskoðað 1960.

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: 1964. Urriðakot A/B106-7. Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.

Urriðakot 117902 174 - 20

Sérheiti: Nónklettur

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 segir um Nónkletta: "Uppi á háholtinu", þ.e. Setbergsholti, "eru tveir steinar kallaðir svo. Þeir eru eyktamörk frá Urriðakoti." (B81). Í Örnefnalýsingu Setbergs 1988 segir: "Norður frá bænum er Setbergshamar, en holtið suður af túninu heitir Setbergsholt. Þar, sem holtið er hæst, eru stórir klettur, Nónklettur, eyktamark frá Urriðakoti." (Bls. 1). Nónklettur eru í landi Setbergs nálægt mörkum.

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: 1964. Setberg A84 / B81. Svanur Pálsson: Örnefni í Setbergslandi skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1988.

Urriðakot 117902 174 - 21

Sérheiti: Grjótréttin eystri

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd "Grjótréttin syðri: Rústir gamallar afréttar í holtinu ofan Hlandpolls." (A56). Skv. ódagsettri Örnefnalýsingu var Hlandpollur mýrarblettur ofanvert við Urriðakotsstíg (nr. 9) en ofan hans var "Grjótrétt eystri rústir gamallar réttar. En suður af var Dýjakrókshóll." (Bls. 1). Í Örnefnalýsingu 1988 segir Svanur Pálsson: "Ofan við veginn rétt fyrir sunnan túnið er Grjótréttin, rústir gamallar réttar, sem móðir mín veit ekki, hvenær hætt var að nota. (Bls. 2).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B56. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu

Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Grjótréttin eystri, Grjótréttin syðri.

Urriðakot 117902 174 - 22

Sérheiti: Dýjakrókahóll

Hlutverk: Álfabyggð

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skv. Örnefnaskrá 1964 er Dýjakrókshóll "melhóll í holtinu ofanvert við Dýjakrók" (A54). Í Örnefnalýsingu 1988 segir Svanur Pálsson: "Mýrin sunnan við túnið heitir Dýjamýri. [...] Í austurhorni Dýjamýrar eru uppsprettur undan holtinu, og kallast það svæði Dýjakrókar. Ofan við Dýjakróka er lítill hóll, Dýjakrókahóll. Í hólnum var talið búa huldufólk og sá afi minn Guðmundur Jónsson bóndi í Urriðakoti, konu, sem hann þekkti ekki sækja vatn í fötum í Dýjakróka snemma á þessari öld." (Bls. 2).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum

forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B54.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Dýjakrókahóll Dýjamýri Dýjakrókar Dýjakrókaflöt Dýjakrókalækur.

Urriðakot 117902 174 - 23

Sérheiti: Gjárréttarstígur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Gjárréttarstígur sem liggur "frá Traðarhliðinu upp holtið sunnan Dýjakrókshóls upp hálsinn, yfir Dalinn inn með hrauninu skáhallt yfir það um Selgjá í Gjáarréttargötur í Gjárétt." (A53). Um stíginn segir einnig: "Hann liggur um Urriðakotsdal upp holtið austan Grjóthóls, að hrauninu, um Kúadali upp mótsvið Mið-tjarnholt þar út á hraunið að Selgjárvörðu og suður eftir Selgjánni, á ská yfir hana og upp á barminn hjá Selgjárseli og þar kemur stígurinn saman við Gjáarréttargötur undir Vífilstaðahlíð niður undan Víkurholtunum." (B162). Þar sem Gjárréttarstígur liggur um Selgjá er hann kallaður Selgjárstígur (A159 / B163). Í Ódagsettri örnefnalýsingu eru þessar upplýsingar: "Frá Urriðakoti lá Gjárréttarstígur upp fyrir sunnan Dýjakrókshól upp á Urriðakotsháls austar á Urriðakotsholti [...]" Þegar komið er sunnar þar sem Tjarnholtsgreni er móts við Mið-Tjarnholt er leiðinni lýst áfram: "Spölkorn hér fyrir innan, eða sunnan liggur Gjárréttarstígurinn upp á hraunið og skáhallt yfir það. Þar er komið að Sauðahellinum syðra. En

Sauðahellisvarða er þar rétt hjá. [...] Þegar komið er framhjá Sauðahellisvörðu hallar niður í Selgjána og nefnist þá stígurinn Selgjárstígur. [...] Við syðsta selið liggur stígurinn upp á barminn og er þar Selgjárvarðan." (Bls. 2, 4). Í Örnefnalýsingu 1988 segir hins vegar: "Frá Urriðakoti lá Gjáarréttargata upp Dýjakrókaflöt, norðan við Dýjakrókahól og upp á Urriðakotsháls, venjulega stytt í Háls, en svo nefnist hálsinn milli Urriðakotshólts og Hádegishólts." Enn fremur: "Sauðahellirinn er norðan við vörðu við Gjáarréttargötu en Gjáarréttargatan er vörðuð í gegnum hraunið alla leið austur með Sneiðingum í Vífilsstaðalandi." (Bls. 2, 5).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A53, 96, 162-3/B53, 96, 159.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Gjárréttarstígur, Gjáarréttargata.

Urriðakot 117902 174 - 24

Sérheiti: Norðlingagata

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Norðlingagata sem "lá um mót Holtsins og Hálsinn norður að Dyngjuhól" (B61) eða "um Hálsinn af Gjárréttarstíg austan í holtinu yfir Svínahraun rétt við Dyngjuhól" (B61). Gatan er á sama stað og Flóttavegurinn sem "lá um Urriðakotsland upp frá Oddsmýri, sunnan Dýjakrókshóls upp á Hálsinn, norður eftir Urriðakotsholti og yfir Svínahraun norðan Dyngjuhóls", nú kallaður Vatnsendavegur "allt frá vegamótum undir Mosahlíð austur að Rauðavatni" (A164-5). Í ódagsettri Örnefnalýsingu segir um þessa leið: "neðan frá Urriðakotsstíg lá svo kölluð Norðlingagata upp á hálsinn og áfram austan í holtinu, þá leið sem nú liggur Flóttavegurinn, Vatnsendavegur eða Elliðavatnsvegur". (Bls. 2). Í Örnefnalýsingu 1988 segir svo: "Um Urriðakotsháls liggur nú bílvegur, sem venjulega er kallaður Flóttavegur eða Flóttamannavegur. Hann liggur milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsvegar og var lagður af Bretum á stríðsárunum. Hann var líklega hugsaður sem varavegur, ef Hafnarfjarðarvegur lokaðist vegna hernaðaraðgerða og hafa einhverjir hugsað sem svo, að hann væri ætlaður til að flýja eftir. Hið opinbera nafn hans á vegmerkjum er Elliðavatnsvegur, en einnig er hann nefndur Vatnsendavegur." (Bls. 2).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A61 / B61, 164-5.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.
Ari Gíslason: Ódagsett Örnefnalýsing Urriðakots.

Örnefni

Norðlingagata, Flóttavegur, Flóttamannavegur, Elliðavatnsvegur, Vatnsendavegur.



Varða 174-25

Urriðakot 117902 174 - 25

Sérheiti: Dagmálavarða

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Varða

Hleðsluhæð: 80 cm

Staðsetning: X: 399331,909722 Y: 358264,503833

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Dagmálavarða sem var eyktarmark "sunnan í Urriðakotsholti" (A/B59) en í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Á holtinu beint upp af fjárhúsunum efst á Austurtúninu, [...] er Dagmálavarða, eyktarmark frá Urriðakoti, en norðar uppi á háholtinu er Stóravarða." (Bls. 2). Í ódagsettri Örnefnaskrá er þessi varða einnig kölluð Litlavarða og staðsett sunnan Stóruvörðu.

Lýsing

Varðan stendur nokkuð vel ennþá og er um 80 cm á hæð.

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B59. Ódagsett Örnefnalýsing, líklega frá Gísli Sigurðssyni.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Dagmálavarða.



Stóravarða 174-26

Urriðakot 117902 174 - 26

Sérheiti: Stóravarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399431,689000 Y: 358506,457036

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd "Stóravarða: Stór varða á Urriðakotsholti, þar sem það er hæst. Þar er nú staurasamstæða fyrir raflínu á Suðurnes." (B58). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Á holtinu beint upp af fjárhúsunum efst á Austurtúninu, [...] er Dagmálavarða [...], en norðar uppi á háholtinu, er Stóravarða. Hana hlóð Jón Þorvarðarson, afi heimildarmanns, og var hún mjög vel hlaðin, en hefur nú verið spillt." (Bls. 2).

Lýsing

Varðan stendur ennþá á klöppinni, neðst í henni er óvenjustórt grjót.

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum

forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B58.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Stóraravörð.

Urriðakot 117902 174 - 27

Sérheiti: Grjótréttin vestri

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399449,939954 Y: 358219,721601

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Grjótréttin nyrðri, "rúst gamallar réttar ofanvert við Kvíaflöt" (A63) eða norðan hennar (A63). Um réttina segir í Örnefnalýsingu 1988: "Ofan við Kvíaflöt er Grjótréttin vestri, rústir gamallar réttar. Norður af Grjótréttinni er einstakt barð, er nefnist Trantur [...]" (Bls. 3).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B63.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Grjótréttin vestri, Grjótréttin nyrðri.

Urriðakot 117902 174 - 28

Sérheiti: Urriðakotsvegur nýrri

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Urriðakotsvegur sem "um eða eftir 1920 var [...] lagður heiman frá Urriðakoti yfir Vetrarmýrina og hraunið yfir í Setbergsholt og áfram til Hafnarfjarðar" (B77). Í ódagsettri Örnefnalýsingu segir: "Heiman frá túngarðshliði liggur Urriðakotsvegur norður holtið og beygir síðan niður á mýrina, sem nefnist Vetrarmýri. Eftir mýrinni rann lækjarsitra, nefndist þar Keldan og Keldubrá yfir hana og vegurinn svo áfram upp á hraunið." (Bls. 2). Í Örnefnalýsingu er vegurinn kallaður Urriðakotsvegur eldri og talinn "lagður um 1930 norðvestur úr túninu, yfir mýrina og Hrauntangann, gegnum túnið á Setbergi á Setbergsveg vestan vð bæinn á Setbergi. Hann var lagður sem bílvegur og var þá hætt að nota Urriðakotsveg eldri, [...] en sá vegur var ekki bílfær." (Bls. 2-3).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B77.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Urriðakotsvegur nýrri.

Urriðakot 117902 174 - 29

Sérheiti: Keldubrá

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399625,452017 Y: 357873,375241

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá er nefnd Keldan, lækjarsitra "er lá eftir vetrarmýrinni, næst vatninu" (B75) og Keldubrá talið nafn á veginum yfir mýrina og Kelduna (B76). Í ódagsettri Örnefnalýsingu segir: "Heiman frá túngarðshliði liggur Urriðakotsvegur norður holtið og beygir síðan niður á mýrina, sem nefnist Vetrarmýri. Eftir mýrinni rann lækjarsitra, nefndist þar Keldan og Keldubrá yfir hana og vegurinn svo áfram upp á hraunið. Áður en vegurinn var lagður voru þarna steinar, nefndust Keldustykklur." (Bls. 2). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Í miðri Vesturmýri liggur Urriðakotsvegur yfir vatnslænu, sem nefnist Kelda. Við vegagerðina var hún brúuð og brúin nefnd Keldubrá. Áður var hún stikluð á steinum nokkru norðar." (Bls. 3).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B75-8.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.
Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Örnefni

Keldubrá, Kelda.

Urriðakot 117902 174 - 30

Sérheiti: Keldustiklur

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399633,793745 Y: 357872,216668

Staðhættir

Skv. Örnefnaskrá 1964 var Urriðakotsvegur nýrri lagður "um eða eftir 1920 [...] yfir Vetrarmýrina og hraunið [...]" (B77) um Keldubrá yfir Kelduna, lækjarsitru sem rann eftir mýrinni (B75-6) en áður "voru steinar í keldunni og þar stiklað yfir hana." Þeir nefndust Keldustiklur. (B78). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Í miðri Vesturmýri liggur Urriðakotsvegur yfir vatnslænu, sem nefnist Kelda. Við vegagerðina var hún brúuð og brúin nefnd Keldubrá. Áður var hún stikluð á steinum nokkru norðar." (Bls. 3).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B75-8. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Keldustiklur, Kelda.

Urriðakot 117902 174 - 31

Sérheiti: Rásbrú

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399660,672645 Y: 357875,692388

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 segir: "Rás var Keldan kölluð norðar í Vetrarmýrinni" og timburflak sem lagt var yfir hana hét Rásbrú (A79-80). Ódagsett Örnefnalýsing hefur þetta: "Þegar norðar kemur í mýrina, breytir keldan um nafn og nefnist þá Rás og Rásbrú göngubrú þar yfir." (Bls. 2). Skv. Örnefnalýsingu 1988 var Rásin "stikluð á steinum, sem kallaðir voru Rásarbrú á Stórákróksgötu, sem lá að heiman vestur í Stórákrók" (bls. 3).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B79-80. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Örnefni

Rásbrú

Urriðakot 117902 174 - 32

Sérheiti: Stórákróksgata

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Stórákróksstígur sem "lá úr Kaffigjótu yfir hraunið í Stórákrók" en um Kirkjustíg segir að hann hafi legið "um Stórákróksstíg í Kaplakrika og norður hraun á Garðaholtssenda, hjá Völvuleiði heim að Görðum" (B98-9). Í ódagsettri Örnefnalýsingu segir: "Úr Kaffigjótu lá Kirkjustígurinn eða Stórákróksstígur yfir í Stórákrók og þaðan yfir hraunið á Garðaholt heim að kirkju." (Bls. 3). Loks segir í Örnefnalýsingu 1988: "Rásin var stikluð á steinum, sem kallaðir voru Rásarbrú á Stórákróksgötu, sem lá að heiman vestur í Stórákrók [...]. Hún var

einnig nefnd Kirkjustígur og var farið eftir honum til Garðakirkju. Lá hann norðaustan við Stórárókshól, sem er í vesturbrún hraunsins, í vestur af Kaffigjótu." (Bls. 4).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álfstaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B98-9.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.
Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Örnefni

Stóráróksstígur, Stóráróksgata, Stórárókshóll, Stórárókur, Kirkjustígur.

Urriðakot 117902 174 - 33

Sérheiti: Lambhagagarður

Hlutverk: Garður

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399518,757701 Y: 357855,950025

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er talað um Álfatangana sem "gékki lítið eitt út í Urriðakotsvatn" en Hrauntanginn gegnt honum sagður heita Lambhagi, Lambatangi eða Hrauntangi og "syðsti hluti Lambhagans, sem lá út í vatnið" Mjóitangi. Í Lambhaga "finnast gamlar garðhleðslur þvert yfir tangann ofarlega" (B12, 81-4). Í ódagsettri Örnefnalýsingu segir að Vatnsvikið sé fram af Vetrarmýri en "Hrauntangi liggur hér vestan að vikin. Einnig Lambatangi og Lambhagi og Réttartangi og Mjóitangi er ystur og þar um liggur landamerkjalinan. Rétt innan við yst á tangnum er svo nefndur Kriki og lítið eitt norðar eru Kvíar og Kvíanef. Hér liggur Lambhagagarður þvert yfir tangann." (Bls. 2-3). Í Örnefnalýsingu 1988 segir Svanur Pálsson: "Sá Sá hluti hraunsins, sem skagar út í Urriðakotsvatn kallast Hrauntangi, og er hluti af honum í Setbergslendi. [...] Mýrin sunnan vegar, en norðaustan undir Hrauntanga, kallast Kriki. Sá hluti Hrauntanga, sem skagar lengst út í vatnið til suðurs, heitir Mjóitangi. [...] Sunnan við Krika liggur gamall grjótagarður þvert yfir Hrauntangann. Heimildarmanni er ekki kunnugt um nafn á honum." (Bls. 3).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álfstaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B12, 81-4.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.
Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Örnefni

Lambhagi, Lambatangi, Hrauntangi, Mjóitangi.

Urriðakot 117902 174 - 34

Sérheiti: Réttartangi

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399597,842325 Y: 357724,654194

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er Réttartangi sagður vera "á austanverðum Lambatanga", öðru nafni Hrauntanga og "þar var kró" (A85). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Réttartangi skagar austur úr Hrauntanga nokkru sunnan við mitt Vesturvík. " (Bls. 3).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B85.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Nánari lýsing:

Örnefni

Réttartangi.

Urriðakot 117902 174 - 35

Sérheiti: Kvíar

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Skv. Örnefnaskrá 1964 "var hluti Vetrarmýrarinnar [...] norðan við Lambhagann, þar sem vegurinn lá upp á hraunið" kallaður Kriki en Kvíanef er "hrauntangi lítill norðan við Krikann" og Kvíar "gjá eða hraunsprunga í hraunbrúninni. Þar voru hleðslur. Þar var fé kvíað og þar voru hross rekin að." (A86-8). Ódagsett Örnefnalýsing hefur þetta: "Rétt innan við yst á tanganum er svo nefndur Kriki og lítið eitt norðar eru Kvíar og Kvíanef." (Bls. 3). Í Örnefnalýsingu 1988 segir svo: "Norðvestan við Krikann, norðan vegarins, [...] skagar hraunnef út í mýrina. Það kallast Kvíanef. Norðan undir því er rétt, sem kallast Kvíar. Síðast var fært frá 1918, og var þá búinn til stekkur í öðrum enda Kvíanna. Það var eina skiptið, sem heimildarmaður man eftir, að fært væri frá, því að það hafði ekki verið gert í langan tíma fyrir 1918." (Bls. 3).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B86-8.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Örnefni

Kvíanef, Kvíar.

Urriðakot 117902 174 - 36**Sérheiti: Mógrafir****Hlutverk: Mógröf****Tegund: Heimild 465****Staðhættir**

Örnefnaskrá 1964 nefnir Folaldagjótu: "vik norðan við Kvíar við hraunnef er lá út í mýrina" (A89) og Mógrafir "í mýrinni út frá Kaffigjótunni" (A91). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Í hraunbrúninni, sem sneri að Vetrarmýrinni voru rétt norðan vegarins Folaldagjóta og þar hjá Hraunréttin þá kom ónefnt hraunsnef og norðan í því Kaffigjóta. Í lægð inn í hraunið og gegnt Kaffigjótunni var svo Hestagjóta, en út í mýrinni voru svo Mógrafirnar." (Bls. 3). Í Örnefnalýsingu 1988 eru nánari upplýsingar: "Skammt norðvestur af Kvíunum er gjóta í hraunbrúninni, sem kölluð var Folaldagjóta. Nafnið var dregið af því, að í tíð foreldra heimildarmanns fór folald í mógröf á móts við gjótuna. Það fannst lifandi í mógröfinni og tókst að hressa það við. Um mótekju þarna er það að segja, að um 4 skóflustungur voru niður á móinn og mólagið var um 4-5 skóflustungur á þykkt. Mórinn þótti ekki góður, en hann var þurrkaður uppi á hraunbrúninni. Mótekja lagðist niður um 1921-22. Nokkru norðar í hraunbrúninni er Kaffigjóta [...]".

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B89.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.
Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Urriðakot 117902 174 - 37**Sérheiti: Hraunréttin****Hlutverk: Rétt****Tegund: Heimild 465****Staðhættir**

Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Í hraunbrúninni, sem sneri að Vetrarmýrinni voru rétt norðan vegarins Folaldagjóta og þar hjá Hraunréttin þá kom ónefnt hraunsnef og norðan í því Kaffigjóta" (bls. 3).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Örnefni

Hraunréttin.

Urriðakot 117902 174 - 38**Sérheiti: Kaffigjóta****Hlutverk: Áningarstaður**

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skv. Örnefnaskrá 1964 er Kaffigjóta "lítil gjóta handan við hraunnefið norðan Fólaldagjótu" (A90). Í Örnefnalýsingu 1988 segir að gjótan sé nokkru norðar í hraunbrúninni en mógröf (sbr. nr.36) (bls. 3). Þegar fólk var að vinna við mótekju fékk það sent kaffi sem drukkið var í Kaffigjótu (G.R.G. bls. 112).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B90.
Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar Safn til sögu Garðabæjar III.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Kaffigjóta.

Urriðakot 117902 174 - 39

Sérheiti: Hestagjóta

Hlutverk: Örnefni

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er Hestagjóta sögð vera "í hraunbrúninni gegnt Kaffigjótu" (A92). Í Örnefnalýsingu 1988 segir svo: "[...] í hraunbrúninni er Kaffigjóta, en norðan hennar gengur nafnlaust nef út í mýrina. Norðan við nefið gegnt Kaffigjótu er Hestagjóta. Uppi í hrauninu vestur af Kaffigjótu er Kringlóttagjóta." (Bls. 3).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B92.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Hestagjóta.

Urriðakot 117902 174 - 40

Sérheiti: Moldargötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Norðan undir Brekkutöglum með hrauninu lá Gjáarréttarstígur Álftnesinga." Skv. Gunnari Benediktssyni í Garðabæ hét vegurinn einnig Moldargötur og lágu þær "inn með norðurhlíð Urriðakotsholts að Mariuhellum" en að þeim "hafa þeir farið: 1) Hraunsholtsstíg um Hvamminn upp af Neðranefi við Hraunsholt eða 2) Álftanesstíg, Kirkjustíg inn á Garðahraun en þaðan kirkjustíg, Setbergsstíg, norðan Víðistaða í Kaplakrika og þaðan um Stórákróksból, Stórákróksstíg, að Brekkutöglum Urriðakots. Stíga þessa má enn víða rekja" (G.R.G. 2001: 70, 97-8, 125).

Heimildaskrá

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar Safn til sögu Garðabæjar III.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Moldargötur Gjáarréttarstígur Álftnesinga.

Urriðakot 117902 174 - 41

Sérheiti: Grásteinsstígur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Grásteinsstígur sem "liggur út á hraunið frá Hraunhorninu hjá Grásteini", steini "á hrauninu út frá Hraunhorninu".

(B139-40). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Nokkru sunnan við Dyngjuhólsflöt gengur smáhorn suðvestur úr hrauninu, sem kallast Hraunhorn. [...] Nokkurn spöl suðaustur af Hraunhorni er vik inn í hraunið, og liggur Grásteinsstígur þar inn í hraunið. Hann dregur nafn af stórum, gráum steini, Grásteini, við stíginn í hrauninu." (Bl. 4). Stígurinn lá frá að Kolanefsflöt (G.R.G. 2001: 70).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A137-8 / B139-40.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar Safn til sögu Garðabæjar III.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Grásteinn, Grásteinsstígur.

Urriðakot 117902 174 - 42

Sérheiti: Stekkurinn

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Skv. Örnefnaskrá 1964 var Réttin gamla í hraunbrúninni "í hvammi neðan til við Kúadali" (B132) og "nokkru neðar er svo gamall stekkur, frá stekktíðinni." (A131). Skv. ódagsettri örnefnalýsingu lá Grásteinsstígur "þvert yfir hraunið frá Hraunhorni sem var nokkru sunnar með hraunbrúninni, en sunnan við það var svo Hraunshornflöt. Hér nokkru sunnar er komið í Stekkinn. Þar var Stekkatúnið [...]". Ekki er minnst á stekkin í Örnefnalýsingu 1988, aðeins túnið og réttina sem við hann eru kennd (sbr. nr.).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett Örnefnalýsing Urriðakots.
Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A130-31 / B132-3. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Stekkurinn, Stekkatúnið, Stekkatúnsrétt.

Urriðakot 117902 174 - 43

Sérheiti: Stekkjartúnsrétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er Stekkatúnið sagt vera "gróinn hvammur kringum stekkin". "Stekkatúnsrétt: Var þarna, en er nú horfin með öllu. Þarna hafa nú verið byggðir sumarbústaðir þrátt fyrir vatnsleysi." (B134-5). Skammt sunnan við vikið, sem Grásteinsstígur liggur um, er gömul rétt sem kölluð var Stekkjartúnsrétt, eða aðeins Stekkjartún (ÖS, 1988). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Hér nokkru sunnar er komið í Stekkinn. Þar var Stekkatúnið, hvammur í hrauniðu. Þarna var líka Stekkatúnsrétt eða Gamla réttin sem var í hraunbrúninni nokkru sunnar." Í Örnefnalýsingu 1988 segir svo: "Skammt sunnan við vikið, sem Grásteinsstígur liggur um, er Stekkjartún. Við hraunið nokkru suðaustar er önnur rétt nafnlaus [...]". Skv. Örnefnaskránni 1964 virðist sú rétt hins vegar hafa verið kölluð Réttin gamla (sbr. nr. 42).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.
Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A130, 132-3, / B132, 134-5.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 44

Sérheiti: Réttin gamla

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er auk Stekkatúnsréttar nefnd Réttin gamla sem var "í hvammi neðan við Kúadali [...] í hraunbrúninni. Innst í réttinni er lítill skúti." (A130). Í Ódagsettri örnefnalýsingu er hins vegar talið að um sömu rétt sé að ræða en eftir að Stekkatún hefur verið nefnt segir: "Þarna var líka Stekkatúnsrétt eða Gamla réttin sem var í hraunbrúninni nokkru sunnar." (Bls. 4). Loks segir Svanur Pálsson í Örnefnalýsingu 1988: "Við hraunið, nokkru suðaustar er önnur rétt nafnlaus, sem byggð var í minni heimildarmanns (Bls. 4).

Nánari lýsing

Nafnið Réttin gamla virðist gefa hugmynd um að hún sé eldri en Stekkatúnsrétt. Um aldur hinnar síðarnefndu er ekki getið en hin fyrrnefnda var ekki byggð fyrr en eftir 1906, fæðingarár heimildarmannsins, Guðbjargar Guðmundsdóttur. Af staðsetningunni "í hraunbrúninni" að dæma er Réttin gamla þó líklega sú sem Guðbjörg mundi eftir "við hraunið" og taldi nafnlausa.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A130 / B132. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Réttin gamla, Gamla réttin.

Urriðakot 117902 174 - 45

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Þegar Stekkjartúnsrétt (nr. 43) og "önnur rétt nafnlaus" (nr. 44) hafa verið nefndar segir í Örnefnalýsingu 1988: "Norður af henni er áberandi hóll í hrauninu, sem heitir Einbúi. Suðaustur af einbúa eru rústir beitarhúss, sem byggt var fyrir minni heimildarmanns. Austur og suðaustur af beitarhúsarústunum er hraunið tiltölulega slétt og lægra en umhverfið og nefnist Flatahraun." (Bls. 4).

Heimildaskrá

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 46**Sérheiti: Kúadalir****Hlutverk: Örnefni****Tegund: Heimild 465****Staðhættir**

Í Örnefnaskrá 1964 segir um Kúadali: "Svo heita hvammar og flatir niður með hrauninu milli þess og Tjarnholtanna. Grónir vel og sléttir." (A124). Í Ódagsettri örnefnalýsingu er Einbúi sagður vera austur frá Stekknum (nr. 42) en "hér frammar er komið í Kúadali, og liggur Kúadalastígur upp og út í hraunið. Vestur frá Kúadölum er Skotbyrgi gamalt." (Bls. 4). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Norð-austur af Byrginu er vik inn í hraunið, sem heitir Kúadalur. Þar liggur Kúadalstígur inn í hraunið." (Bls. 5).

Heimildaskrá

Ari Gislason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A124, / B126. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 47**Sérheiti: Kúadalstígur****Hlutverk: Leið****Tegund: Heimild 465****Staðhættir**

Skv. Örnefnaskrá 1964 eru Kúadalir hvammar "niður með hrauninu milli þess og Tjarnholtanna" en út úr stærsta hvamminum liggur" Kúadalastígur "upp á hraunið út á Flatahraunið yfir í Vífilstaðahlíð". Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Norðaustur af Byrginu er vik inn í hraunið, sem heitir Kúadalur. Þar liggur Kúadalstígur inn í hraunið. Rétt austan við Kúadalstíg, inni í hrauninu, er krosssprunginn hóll, Sprunguhóll. Vestur af Byrginu er grýttur hóll, Grjóthóll." (Bls. 5).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A125 / B127. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Kúadalastígur.

Urriðakot 117902 174 - 48**Sérheiti: Syðridalatroðningur****Hlutverk: Leið****Tegund: Heimild 465**

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Syðridalatroðningur: "Troðningur eða stígur, er lá upp holtið frá dal rétt við Grjóthól suður á Syðri dalinn." (B115). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "[...] milli Tjarnholta og Þverhliðar er Dalurinn syðri eða eins og hann er stundum kallaður Urriðakotsdalur syðri og líka var hann nefndur Efri-Flatir. Hér um lá troðningur og niður um holtið, nefndist Syðridalatroðningur, hann lá framhjá svonefndum Grjóthól um Grjóthólsflöt niður undan honum, en hér var kallað holtið Milli dala og þá lá troðningurinn niður á Neðri-Flatir, Dalinn neðra eða Dalinn og Urriðakotsdalinn neðri, en svæði þetta sem nú hefur verið lýst nefndist einu nafni Urriðakotsdalir og lá stígurinn hér um miðjan dal í Gjáarréttarstíginn og síðan yfir á Hálsinn Flóðahjallaháls eða Urriðakotsháls, sem fyrr er talinn og síðan niður til bæjar."

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B115.

Örnefni

Syðridalatroðningur.

Urriðakot 117902 174 - 49

Sérheiti: Fjárhústóftin syðri

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 segir um Fjárhústóftina syðri: "Nokkru norðar en Skotbyrgið er rúst gamals fjárhúss við allstóran klett." (A127). Eða: "Nokkru vestan við Skotbyrgið, er stór klettur vestan undir honum er rúst gamals fjárhúss." (B129). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Vestur frá Kúadölum er Skotbyrgi gamalt. Þar vestar er hraunhóll mikill og við hann er Fjárhústóftin nyrðri eða austan við Kúadali er Fjárhústóftin syðri. Það var upphaflega reist sem sauðahús." (Bls. 4). Líklega eru þetta sömu tóftir og getið er um í Örnefnalýsingu frá 1978: "Rétt austan við Kúadalsstíg, inni í hrauninu, er krosssprunginn hóll, sem heitir Sprunguhóll. Skammt suðaustur af Sprunguhól eru gamlar fjárhústættur. (Bls. 10).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A127 / B129. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 50**Sérheiti:** Fjárhústóftin nyrðri**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild 465**Ástand:** Ómetið**Staðhættir**

Í Örnefnaskrá 1964 segir um Fjárhústóftina nyrðri: "Nokkru norðar en gamla rústin", þ.e. Fjárhústóftin syðri, "er fjárhústóft og standa veggirnir enn." (A128). Eða: "Nokkru vestar er fjárhústóft yngri og standa enn veggirnir. Guðmundur bóndi Jónsson [í Urriðakoti] byggði fjárhúsið. [...] Fjárhúsið er eftir sauðahús." (B130-31). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Vestur frá Kúadölum er Skotbyrgi gamalt. Þar vestar er hraunhöll mikill og við hann er Fjárhústóftin nyrðri eða austan við Kúadali er Fjárhústóftin syðri. Það var upphaflega reist sem sauðahús." (Bls. 4). Líklega eru þetta sömu tóftir og getið er um í Örnefnalýsingu frá 1978: "Rétt austan við Kúadalssstíg, inni í hrauninu, er krosssprunginn höll, sem heitir Sprunguhóll. Skammt suðaustur af Sprunguhól eru gamlar fjárhústættur. (Bls. 10).

Heimildir:

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A128-9 / B130-31. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 51**Sérheiti:** Byrgi**Hlutverk:** Skotbyrgi**Tegund:** Heimild 465**Staðhættir**

Skv. Örnefnaskrá 1964 var Skotbyrgið "gamalt skotbyrgi af grjóti vestan til við" Kúadalssstíg (A126) eða "rétt vestan til við Kúadali" (B128). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Vestur frá Kúadölum er Skotbyrgi gamalt." (Bls. 4). En í Örnefnalýsingu 1988: "Vestur af Litla-Tjarnarholti er stór steinn og er annar steinn uppi á honum. Var það kallað Byrgi." (Bls. 5).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A126 / B128. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Skotbyrgið, Byrgið.

Urriðakot 117902 174 - 52
Sérheiti: Sauðahellirinn syðri
Hlutverk: Fjárskýli
Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Skv. Örnefnaskrá 1964 var Kargi "lítill partur hraunsins undir Svarthömrum" (A151) en "í bingu þeirri syðst á Flatahrauni voru margir hellar, þar á meðal" Sauðahellirinn syðri. "Hlaðinn upp munninn. Skiftist í tvennt er inn var komið. Allgóður." (A152). Í B-gerð segir: "Þar hefur verið hlaðið, svo þröngan gang er inn að ganga, sem skiftist í tvennt í syðri- og nyrðri hellir. Þarna eru fleiri hellar, sumir manngengir." (B153). Eftir að Fjárhústöftin nyrðri (nr. 50) hefur verið talin til segir í Ódagsettri örnefnalýsingu: "[...] nokkru innar er í hrauninu svo kallað Tjarnholtsgreni móts við Mið-Tjarnholt. Spölkorn hér fyrir innan, eða sunnan liggur Gjárréttarstígurinn upp á hraunið og skáhalt yfir það. Þar er komið að Sauðahellinum syðra. En Sauðahellisvarða er þar rétt hjá." (Bls. 4). Skv. Örnefnalýsingu 1988 er Selgjárhellir í neðri enda Selgjár og "örskammt norðvestur af Selgjárhelli er Sauðahellir. Sauðahellirinn er norðan við vörðu við Gjárréttargötu, en Gjárréttargatan er vörðuð í gegnum hraunið alla leið austur með Sneiðingum í Vífilsstaðalandi. Þessi hellir mun hafa verið notaður á svipaðan hátt og fyrr nefndur Sauðahellir", þ.e. sá nyrðri (nr. 69), "en fyrir minni heimildarmanns." (Bls. 5).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.
Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álfanesshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A151-2 / B151, 153.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Sauðahellirinn syðri.

Urriðakot 117902 174 - 53
Sérheiti: Sauðahellisvarða
Hlutverk: Samgöngubót
Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er Sauðahellisvarða sögð vera við Sauðahellirinn syðri (nr. 52): "Varða var þarna á bungunni rétt við Hellirinn, við vörðuna kom Gjárréttarstígurinn frá Urriðakoti og lá svo niður í Selgjána." (A153). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir svo: "[...] liggur Gjárréttarstígurinn upp á hraunið og skáhalt yfir það. Þar er komið að Sauðahellinum syðra. En Sauðahellisvarða er þar rétt hjá." (Bls. 4). Hún er ekki nefnd á nafn í Örnefnalýsingu 1988: "Sauðahellirinn er norðan við vörðu við Gjárréttargötu, en Gjárréttargatan er vörðuð í gegnum hraunið alla leið austur með Sneiðingum í Vífilsstaðalandi." (Bls. 5).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A153 / B154.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Sauðahellisvarða.

Urriðakot 117902 174 - 54

Sérheiti: Selgjá

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Friðlýst: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 segir um Selgjá: "Grunn en allbreið gjá syðst í Urriðakotshrauni. Nær allt suður í Hrafnagjá, við Gjáarrétt. Í þessari gjá mun vera að finna Norðurhellnasel Álftnesinga 1703." (A154). Einnig er þar: "Nær hún allt frá Sauðahelli suður á Norðurhellagjábarm." (B155). Selgjárbarmar eru tveir, "annar að sunnan, hinn að vestan", Norðurhellnagjábarmur syðri er "nær Vífilsstaðahlíð" (A162) en Norðurhellnagjábarmur vestri "nær Tjarnholtinu" (A154, 162-3). Í Ódagsettri Örnefnalýsingu segir: "Þegar komið er framhjá Sauðahellisvörðu hallar niður í Selgjána og nefnist þá stígurinn Selgjárstígur. Vestast í Selgjánni er Selgjárhellir Selgjárbyrgin og Selgjárselin eru 33 að tölu, í 11 sambyggingum, því hér höfðu Álftnesingar í seli lengi eða allt fram á 18.öld. Við Selgjárbarminn nyrðri er svokallaður B-steinn steinn með bókstafnum B. Á suðurhlið er svo Selgjárbarmurinn syðri. Við syðsta selið liggur stígurinn upp á barminn og er þar Selgjárvarðan. Þegar kemur hér spölkorn suður er komið að úfnu hrauni fram undan svarthömrum, nefnist Kargi. Selstaðið þarna var einnig nefnt: Norðurhellar, Norðurhellnasel og barmarnir því kallaðir Norðurhellnaselsbarmur nyrðri og Norðurhellnabarmur syðri." (Bl. 4). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Úfna hraunið á móts við Svarthamra í Vífilsstaðahlíð kallast Kargi. Suður af Karganum er mikil hrauntröð, Selgjá. Hún er framhald Búrfellsgjár, sem nær upp í Búrfell. Í Selgjá eru rústir af mörgum gömlum byrgjum, og eru sum þeirra í Urriðakotslandi, en flest í Garðakirkjalandi. [...] Í landamerkjabréfi er Selgjá nefnd Norðurhellagjá. Er það nafn þá dregið af Selgjárhelli og fleiri hellum í norðurenda hrauntraðarinnar, sem hafa þá heitið Norðurhellar." Í lýsingu á gjánni frá 1983 segir: "Á vinstri hönd, eða til suðurs, sjáum við af brúninni grunna, en nokkuð breiða gjá í hrauninu, sem er framhald af Búrfellsgjá. Þetta er Selgjá (Norðurhellragjá). Í Selgjá eru margar vallgrónar seljarústir, sem flestar eru fremur smáar í sniðum og minni en t.d. Vífilsstaðasel. Rústirnar standa flestar þétt við barma gjárinnar beggja vegna, en aðrar eru dálítið fjær. Selstaða þessi er nefnd í Jarðabók 1703 og virðast samkvæmt henni átta kóngsjarðir á Álftanesi hafa haft þar í seli. Athyglisvert er, að ávallt er rætt um selstöðu þarna í þátíð og jafnvel þannig, að hún virðist að því komin að falla í gleysku." (Þ.J. og Ó.K.: 27). Minjarnar í Selgjá eru friðlýstar: "Urriðavatn: Seltóftir margar, hellar og önnur mannvirki í og við norðurenda Selgjár. Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964."

Nánari lýsing

Sá Selgjárbarmur sem er nær Vífilsstaðahlíð og í Örnefnaskrá 1964 kallaður "syðri" er skv. korti Örnefnastofnunar og öðrum kortum í raun norðaustari barmurinn en sá sem er nær Tjarnholti og kallaður "vestri" er sá suðvestari og getur þetta valdið ruglingi. Norðurhellagnagjábarmur syðri í Örnefnaskrá er eftir því sem næst verður komist sami og Ódagsett örnefnalýsing nefnir Selgjárbarm nyrðri, og Norðurhellagnagjábarmur vestri í Örnefnaskrá sami og Ódagsett örnefnalýsing nefnir Selgjárbarm syðri.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

1990, Fornleifaskrá Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A154, 158, 162-3 / B155, 167-8.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson, 1983: "Fjórar leiðir í Gjáarétt".

Hesturinn okkar. Bls. 46-59. Rvk.

Örnefni

Selgjá Norðurhellagjá (einnig eru til orðmyndirnar Norðurhellagnagjá og Norðurhellragjá) Selgjárhellir Selgjárstígur.

Urriðakot 117902 174 - 55

Sérheiti: Selgjárhellir

Hlutverk: Fjárskýli

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 segir um Selgjárhelli: "Skarð er í norður brún gjáinnar, leynir á sér. Þar inn af er allmikill hellir, gott fjárskjól." (A155). Muninn veit við suðri (B157). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Vestast í Selgjánni er Selgjárhellir Selgjárbyrgin og Selgjárselin [...]" (bls. 4). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Í neðri (norðvestur) enda Selgjár er Selgjárhellir. Í landamerkjabréfi er Selgjá nefnd Norðurhellagjá. Er það nafn þá dregið af Selgjárhelli og fleiri hellum í norðurenda hrauntraðarinnar, sem hafa þá heitið Norðurhellar. Heimildarmaður kannast ekki við þessi nöfn úr mæltu máli." (Bls. 5).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum

forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr.

A155 / B157.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Nánari lýsing:

Örnefni
Selgjarhellir.

Urriðakot 117902 174 - 56
Sérheiti: Norðurhellar
Hlutverk: Fjárskýli
Tegund: Hellir 465

Staðhættir

Minnst er á Norðurhella í Jarðabók Árna og Páls 1703 (bls. 195) og síðan í Sóknarlýsingu séra Árna Helgasonar 1842: "Hér og hvar eru líka hellar, sem brúkast fénaði til skjóls á vetrum. Svokallaðir Norðurhellar eru hjá Vífilstaðahlíð [...]" (bls. 200). Í Örnefnaskrá 1964 segir: "Norðurhellar: Þeir eru í Selgjánni. Svo segir í Sóknarlýsingu síra Árna Helgasonar í Görðum 1842. Einnig segir frá þessu í lögfesti Þorkels prests Arngrímssonar 1661." (B166). Í Örnefnalýsingu 1988 segir svo: "Í neðri (norðvestur) enda Selgjár er Selgjarhellir. Í landamerkjabréfi er Selgjá nefnd Norðurellagjá. Er það nafn þá dregið af Selgjarhelli og fleiri hellum í norðurenda hrauntraðarinnar, sem hafa þá heitið Norðurhellar. Heimildarmaður kannast ekki við þessi nöfn úr mæltu máli." (Bl. 5). E.t.v. eru fjárhellarnir tveir sem fundust í Selgjá við Fornleifaskráningu 1984 meðal þessara hella ("1300-91").

Nánari lýsing
Kortablað: 1613III/22.
Ljósmyndir: 9651 A26, 7. NV>SA.

Heimildaskrá

Árni Helgason, 1937-1939: "Lýsing Garðaprestakalls 1852". Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Bls. 196-220. Rvk.
Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A161 / B166.
1923, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Þriðja bindi.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.
Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson: "1300-92". Fornleifaskráning í Garðabæ 1984.

Urriðakot 117902 174 - 57
Sérheiti: Selgjarbyrgi
Hlutverk: Byrgi
Tegund: Heimild 465
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 Selgjarbyrgi sögð vera "allmörg í Selgjá meðfram börmunum"

(A156), "7 við vesturbrún gjárinnar, upphlaðin og munu hafa verið yfirbyggð með hellum. Tvö byrgi eru undir norðurbrún. Alls eru í Selgjánni um 30 mismunandi sel,byrgi og kvíar." (B156). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Vestast í Selgjánni er Selgjárhellir Selgjárbyrgin og Selgjárselin eru 33 að tölu, í 11 sambyggingum, því hér höfðu Álfnesingar í seli lengi eða allt frá 18. öld." (Bls. 4). Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Í Selgjá eru rústir af mörgum gömlum byrgjum, og eru sum þeirra í Urriðakotslandi, en flest í Garðakirkjulandi." (Bls. 5).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álfanesshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B156.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Selgjárbyrgi.

Urriðakot 117902 174 - 58

Sérheiti: Selgjársel

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Friðlýst: Já

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 segir um Selgjá: "Þarna eru Norðurhellasel. Selstöð frá Álfanesbæjunum." (B155). Eða: "Í þessari gjá mun vera að finna Norðurhellasel Álfnesinga 1703." (A154). Selin í gjánni voru kölluð Norðurhellasel eða Selgjársel. (A165 / B170). Í A-gerð er nánari umfjöllun um Selgjársel: "Selatættur eru þarna margar hlaðnar upp við Barmana bæði sunnan og vestan. Mun þarna um 11 samstæður, með nær 30 byggingum bæði húsarústum og kvíarústum." (157). Í B-gerð eru þessar upplýsingar um Selgjársel: "Það mun hafa verið suður nálægt miðri gjá við austurbarm. Er þar allmiklar tættur, bæði húsa og byrgja. Er hægt að telja þar alls 9 - níu hús og byrgi. Svo að í allri Selgjánni eru nær 20 húsarústir og byrgisústir." (160). Öll selin í gjánni voru kölluð Norðurhellasel (B165). Ódagsett örnefnalýsing hefur þetta: "Vestast í Selgjánni er Selgjárhellir Selgjárbyrgin og Selgjárselin eru 33 að tölu, í 11 sambyggingum, því hér höfðu Álfnesingar í seli lengi eða allt fram á 18. öld. [...] Selstæðið þarna var einnig nefnt Norðurhellar, Norðurhellasel og barmarnir því kallaðir Norðurhellaselsbarmur nyrðri og Norðurhellabarmur syðri." (Bls. 4). Í grein frá 1983 segja Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson: "Í Selgjá eru margar vallgrónar seljarústir, sem flestar eru fremur smáar í sniðum og minni en t.d. Vífilstaðasel. Rústirnar standa flestar þétt við barma gjárinnar beggja vegna en aðrar eru dálítið fjær. Selstaða þessi er nefnd í Jarðabók 1703 og virðast samkvæmt henni átta kóngsjarðir á Álfnesi hafa haft þar í seli. Athyglisvert er, að ávallt er rætt um selstöðu þarna í þátíð og jafnvel þannig, að hún virðist að því komin að falla í gleymsku." (Bls. 27).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A154, 157, 165, 170 / B155, 160, 165, 170.

Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson, 1983: "Fjórar leiðir í Gjáarétt". Hesturinn okkar. Bls. 46-59. Rvk.

Örnefni

Selgjársel Norðurhellasel eða Norðurhellnasel.

Urriðakot 117902 174 - 59

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Tóft 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Við Fornleifaskráningu 1984 var lýst og teiknuð upp fjárborg eða fjárhús við norðurenda Selgjár. Hún er um 150 m í suður frá vegi sem liggur þvert austur-vestur yfir Urriðakotshraun, nánar tiltekið hjá háspennumastri. Hnit: x: 57,6; y: 03,4. ("1300-90").

Nánari lýsing

Kortablað: 1613III/22.

Í skráningarbók er auk þess eitthvað ólæsilegt sem varðar staðsetninguna: "Við enda (N) sl?he (Selgjá) miðju hrauninu uppi á hraunbrún."

Lýsing

Rústin er ferhyrningslaga, um 11 m á lengd og 6 m á breidd, veggir um 0,5 m háir. Þeir eru hlaðnir úr hraungrýti að norðan, vestan og austan en sunnan megin er náttúrulegt bjarg. Inngangur virðist vera um vesturvegg. Stefnan er vestur-austur. ("1300-90").

Nánari lýsing

Ljósmyndir: 2. N>S. 2.>SA>NV.

Heimildaskrá

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson: "1300-90". Fornleifaskráning í Garðabæ 1984.

Urriðakot 117902 174 - 60

Sérheiti: B- Steinn

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Áletrun 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er minnst á B-hellu sem skv. A-gerð á að vera "við suðurbarm með stafnum B" (167) en skv. B-gerð "við norðurbarm Selgjár. Klappaður í stafurinn B." (172). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Við Selgjárbarminn nyrðri er svokallaður B-steinn steinn með bókstafnum B." (Bl. 4). Í Örnefnalýsingu 1988 er þetta svona: "Við norðausturbarm Selgjár, niðri í gjánni, er svokallaður B-steinn, en svo er nefnd hraunhella, sem rís þar upp á rönd líkt og legsteinn og bókstafurinn B hefur verið höggvinn í." (Bl. 5). Skv. Fornleifaskráningu 1984 er steinninn í laut við eystri gjárbarm, um 250 m vestan Víflsstaðahlíðar og 250 m frá nyrsta hluta Selgjár ("1300-92").

Nánari lýsing

Kortablað: 1613III/22.

Lýsing

Hraunhellan er um 1,0 m á lengd, 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á þykkt. Flata framhliðin veit mót vestri og er um 0,2 m á lengd. Hellan hefur verið höggvin eitthvað til og greinilegt B er klappað í hana að ofanverðu. Bókstafurinn B hefur lítið breyst gegnum tíðina og því ekki hægt að aldursgreina áletrunin út frá gerð hans. ("1300-92").

Nánari lýsing

Ljósmyndir: 2, 9651 A27-28.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A167 / B172. Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson: "1300-92". Fornleifaskráning í Garðabæ 1984.

Örnefni

B-steinn, B-hella.

Urriðakot 117902 174 - 61

Hlutverk: Fjárskýli

Tegund: Hellir 465; Tóft 465

Friðlýst: Já

Staðhættir

Við Fornleifaskráningu 1984 var lýst og teiknuð upp rúst tengd helli. Hún er staðsett um miðbik eystri hluta Selgjár, upp við brún hennar að sunnanverðu, um 200 m suðvestan Víflsstaðahlíðar. ("1300-93").

Nánari lýsing

Kortablað: 1613III/22.

Lýsing

Skrásetjari lýsir rústinni sem grængróinni þústarbungu, um 5-6 m langri. Veggir ná að hraunbarminum og eru hlaðnir úr hraunhellum og hraungrýti upp að brún. Austan megin er lítill fjárhellir í gjárbarminum og hlaðið fyrir, um 2,5 m út frá honum. Áður hefur líklega þak verið hlaðið alveg upp fyrir hellismunnann en sú hleðsla hefur hrunið. ("1300-93").

Nánari lýsing

Ljósmyndir: 9651 A29, B30-31, 7 frá NV, 1 frá V, 2 frá SSV.

Heimildaskrá

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson: "1300-93". Fornleifaskráning í Garðabæ 1984.

Urriðakot 117902 174 - 62

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft 465

Staðhættir

Upp við gjábrúnina, um 1 m norður frá rústinni við fjárhellinn (nr. 61) er önnur rúst. ("1300-93").

Nánari lýsing

Kortablað: 1613III/22.

Lýsing

Þetta er svolítill ferningslaga stekkur. Hraunið myndar austurhliðina en annars eru veggirnir hlaðnir úr hraunhellum og hraungrýti, ná að hraunbarminum og upp að brún. ("1300-93").

Nánari lýsing

Ljósmyndir: 9651 A29, B30-31, 7 frá NV, 1 frá V, 2 frá SSV.

Heimildaskrá

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson: "1300-93". Fornleifaskráning í Garðabæ 1984.

Urriðakot 117902 174 - 63

Sérheiti: Norðurhellnagjárbrunnur

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í A-gerð Örnefnaskrár 1964 er nefndur Norðurhellnagjárbrunnur: "Hvar hann hefur verið er ekki gott að segja, en brunnur hlýtur að hafa verið þarna." (166). Í B-gerð er hann kallaður Norðurhellnaselsbrunnur: "Talið er að brunnur eða vatnsból hafi verið í Selgjánni. Enda hlýtur svo að hafa verið, þar sem allir bæir á Álftanesi áttu selstöð í Selgjánni við Norðurhella. Svo segir í Jarðabók Árna & Páls V." (171).

Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A166 / B171.

Örnefni

Norðurhellnagjárbrunnur, Norðurhellnaselsbrunnur.

Urriðakot 117902 174 - 64

Sérheiti: Selgjárvarða

Hlutverk: Landamerki, Samgöngubót

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í Landamerkjaskrá frá 1890 segir: "Urriðakot á hálfa Fjárhellra mót Vífilstöðum sem fyrrum hjetu Maríuhellrar frammí vörðuna sín megin á Norðurhellragjárbarmi, og í stóra steinininn á fremmsta Tjarnholtinu [...]" Í A-gerð Örnefnaskrár 1964 er nefnd Selgjárvarða eða Norðurhellnagjárbarmsvarða sem hefur bæði hlutverk landamerkis og vegvísis, staðsett "suður á barmi Selgjár, rétt þar sem stígurinn liggur upp úr Selgjánni, rétt áður en stígurinn tengist Götunum neðan undir Sneiðingum. Þessi varða er einnig landamerkjavarða" (160), þ.e. "milli Urriðakots, Setbergs og Garðakirkjúlunds" (7). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Við syðsta selið liggur stígurinn upp á barminn og er þar Selgjárvarðan. Þegar kemur hér spölkorn suður er komið að úfnu hrauni fram undan Svarthömrum, nefnist Kargi." (Bls. 4). Af lýsingunni að dæma er varðan á norðaustari barmi gjárinnar, þeim megin sem Sneiðingar og Kargi eru.

Nánari lýsing

Í B-gerð er gerður greinarmunur á Selgjárselsvörðu (161) og Selgjárvörðu (158) og hin síðarnefnda talin sama og Sauðahellisvarða (nr. 53).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A7, 160, 164 / B7, 158, 161, 169.

1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí

1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Örnefni

Selgjárvarða Selgjárselsvarða Norðurhellnagjárbarmsvarða.

Urriðakot 117902 174 - 65

Sérheiti: Markavarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Ódagsettri örnefnalýsingu er nefnd varða sem virðist staðsett milli Selgjárvörðu (nr. 64) og Merkjasteins á Tjarnholti (nr. 66). Selgjárvarða virðist vera á nyrðri eða norðaustari barmi gjárinnar en síðan segir: "Frá Markavörðu á Syðri barmi

Norðurhellagnagjár lá Landamerkjalinan suð-vestur í Markastein syðst á Tjarnholtinu syðsta [...]" . Bls. 4-5).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Urriðakot 117902 174 - 66

Sérheiti: Merkjasteinn

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Skv. Landamerkjaskrá frá 1890 liggja merki Urriðakots frá Norðurhellragjárnarmsvörðu "í stóra steinninn á fremmsta Tjarnholtinu með grasþúfu uppá, þaðan heimleiðis í vörðuna á miðri Þverhlíðinni [...]" . Í Örnefnaskrá 1964 er annars vegar nefndur Merkjasteinn: "Stór steinn syðst á Syðsta-Tjarnholti. Þar eru landamerki milli Urriðakots, Setbergs og Garðakirkjulands" eða "Garða-afréttarlands" (A/B8). Hins vegar er nefnd Merkjasteinsþúfa: "Allstór þúfa upp á steinum. Gróin mjög af setu fugla." (B9). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Frá Markavörðu á Syðri barmi Norðurhellagnagjár lá Landamerkjalinan suð-vestur í Markastein syðst á Tjarnholtinu syðsta og er þar hornmark. Héðan liggur svo línan frá Markasteinsþúfu um Þverhlíðarþúfu [...]" . (Bl. 4-5). Loks hefur Örnefnalýsing 1988 þetta: "Suðsuðvestur af neðri enda Selgjár er holt vestan við Urriðakotshraun. Nefnist það Syðsta-Tjarnholt. Syðst á holtinu er stór klettur með grasþúfu uppi á. Hann nefnist Markasteinn og er á mörkum Urriðakots, Garðakirkjulands og Setbergs. Norður af Syðsta-Tjarnholti er Mið-Tjarnholt og Litla-Tjarnholt norðvestur af Mið-Tjarnholti. Tjarnholtin eru öll suðvestan hraunsins." (Bl. 5).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B8-9.

1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Merkjasteinn

Urriðakot 117902 174 - 67

Sérheiti: Þverhlíðarvarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Skv. Landamerkjaskrá frá 1890 liggja merki Urriðakots um "stóra steininn á fremsta Tjarnholtinu með grasþúfu uppá, þaðan heimleiðis í vörðuna á miðri Þverhliðinni þaðan í vörðuna á Flóðahjallatánni [...]". Í Örnefnaskrá 1964 er talað um Þverhliðarvörðu: "Varða þessi mun hafa átt að vera í Þverhliðinni suð-vestur og upp frá Syðri-Urriðakotsdal." (A10). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir að línan liggi frá Markasteini á Tjarnholti "um Þverhliðarþúfu á Þverhlið, og um Flóðahjallatá [...]" (bls. 5).

Nánari lýsing

Í B-gerð segir að varðan sé "norð-vestur og upp frá Syðri-Urriðakotsdal" en það stenst ekki miðað við kort sem sýna Þverhlið sunnan Urriðakotsdala. (G.R.G. 2001: 30).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.
Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B10
1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Urriðakot 117902 174 - 68

Sérheiti: Flóðahjallavarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Skv. Landamerkjaskrá frá 1890 liggja merki Urriðakots frá vörðunni í Þverhlið "í vörðuna á Flóðahjallatánni úr henni í Álp[t]artanga [...]". Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Flóðahjallavarða "sem átti að vera á Flóðahjalla, en hennar sér nú ekki merki" (B11). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir að línan liggi "um Þverhliðarþúfu á Þverhlið, og um Flóðahjallatá, en þar var Flóðahjallatáarvarða og síðan í Álftartanga [...]" (bls. 5).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.
Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A / B11.
1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Örnefni

Flóðahjallavarða, Flóðahjallatáarvarða.

Urriðakot 117902 174 - 69

Sérheiti: Klofavarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Skv. Landamerkjaskrá 1890 liggja merki Urriðakots frá Álftartanga "í hellu sem er í miðjum hrauntanganum, kölluð Sílingarhella úr henni í uppmjóan háan Klett með Klofavörðu uppá sín megin [við] Stóra Krók [...]". Í Örnefnaskrá 1964 er talað um Klofavörðustein sem sé "norðan Sýlingahellu með klofavörðu á" (A14). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir: "Þá er nokkru norðar Sýlingahella og liggur þar um Landamerkjalinan og úr henni í Klofavörðustein og þaðan í Stórákrók [...]" (bls. 3).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A / B14. 1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Örnefni

Klofavarða

Urriðakot 117902 174 - 70

Sérheiti: Stórákróksvarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Landamerkjaskrá frá 1890 segir að merki Urriðakots liggi "í uppmjóan háan Klett með Klofavörðu uppá sín megin [við] Stóra Krók og í gamlar Fjarrjettargrjótgirðingar í moldarhrauni [...]". Skv. Örnefnaskrá 1964 er Stórákrókur "allstórt vik í hraunið, eða hvammur. Hornmark milli Urriðakots og Setbergs." Stórákrókshóll er "allhár hraunhóll við Stórákrók. Að hálfu Setbergs." En á honum stóð Stórákróksvarða. (B15, 101-102.). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir að landamerkjalinan liggi frá Klofavörðusteini í Stórákrók og síðan: "Frá Klofasteina lá Flatahraun yfir að Stórákrókshól. Á hólnum var Stórákróksvarða." (Bl. 3). Skv. Örnefnalýsingu 1988 er Stórákrókshóll "í vesturbrún hraunsins í vestur af Kaffigjótu [...] á mörkum Urriðakots og Setbergs. Hann dregur nafn af Stórákrók, sem er krika inn í hraunið á móts við hólinn og er í Setbergslandi."

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A / B15, 101-102. 1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Örnefni

Stórákrókur, Stórákrókshóll, Stórákróksvarða.

Urriðakot 117902 174 - 71**Sérheiti: Fjárréttargirðing****Hlutverk: Landamerki, Rétt****Tegund: Heimild 465****Ástand: Ómetið****Staðhættir**

Skv. Landamerkjaskrá 1890 liggja merki Urriðakots úr Stórakrók "í gamlar Fjárréttargrjótgirðingar í moldarhrauni, og uppí [...] Urriðakots Fjárhellra". Í Örnefnaskrá 1964 segir: "Fjárréttargirðing [...] þessi lá frá Stórakrók í norð-austur. Eftir þessari fornu grjóthleðslu var talið að landamerkjalinan hafi legið yfir í Miðaftanshól hornmarkið mikla." (A16). Fjárréttargirðingin er einnig nefnd í Ódagsettri örnefnalýsingu (bls. 3).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B16. 1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Örnefni

Fjárréttargirðing Fjárréttargrjótgirðing.

Urriðakot 117902 174 - 72**Sérheiti: Urriðakotshellir****Hlutverk: Landamerki, Fjárskýli****Tegund: Heimild 465****Ástand: Ómetið****Staðhættir**

Skv. Landamerkjaskrá 1890 liggja merki Urriðakots frá Fjárréttargrjótgirðingum uppí "Urriðakots Fjárhellra [...] frammi vörðuna sín megin á Norðurhellragjáarbarmi [...]". Um þá segir nánar: "Urriðakot á hálfa Fjárhellra mót Vífilstöðum sem fyrrum hjetu Maríuhellrar [...]" en fulltrúi Garðakirkju skrifar ekki undir það: "Maríuhellrar (nú Vífilsstaðahellrar) eru samkvæmt máldögum eign Vífilsstaða [...]". Skv. Örnefnaskrá 1964 voru Fjárhellar eða Maríuhellar "tveir, allstórir í Svínahrauni norðanundir Dyngjuhól. Tilheyrði annar Urriðakoti og var við það kennt, hinn tilheyrði Vífilsstöðum og var við þá kenndur." (Urriðakot B3-4). Í Urriðakotshelli, þeim syðri, "var fjárgeymsla fyrir Urriðakotsbóndann" (A/B147). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir að merkin liggi um "Fjárréttargirðingu í Miðaftanshól" og þaðan "í Maríuhella, en Urriðakotshellir heyrði til Urriðakoti. Síðan lá línin suður eftir hraunbrúninni, og var þar ekki örnefni utan Sauðahellirinn nyrðri [...]" (bls. 3). Í Örnefnalýsingu Urriðakots 1988 segir: "Í Svínahrauni rétt norðaustan við vegamót Flóttavegar og Heiðmerkurvegur eru Maríuhellar. Þeir eru tveir og eru á mörkum Urriðakots og Vífilsstaða. Hellarnir voru fyrrum notaðir sem fjárhellar. Nyrðri hellirinn var notaður frá Vífilsstöðum, en hinn frá Urriðakoti. Þessir hellar eru oftast kallaðir Vífilsstaðahellar." (Bls. 4). Í Örnefnalýsingu Vífilsstaða frá sama ári er þetta svona:

"[...] Þegar komið er inn fyrir hliðið á Heiðmerkurgirðingunni, til vinstri við Heiðmerkurveginn eru tveir hellar. Hefur hraunþekjan fallið niður á milli þeirra og er nyrðri hellirinn, sem kallast Vífilsstaðahellir, opinn í báða enda, svo að auðvelt er að ganga í gegn. Syðri hellirinn er í Urriðakotslandi. Einu nafni heita hellar þessir Mariuhellar." (Bls. 2). Svolítið öðruvísi er þetta í Örnefnalýsingu Vífilsstaða frá 1991: "Mariuhellir er sá stóri, sem hægt er að ganga í gegn um, með fallinni hraunþekju við afleggjara inn í Heiðmörk beint á móti Mariuhelli er milli hellir Jósefshellir. Þegar komið er niður í hellinn er silla beint á móti hátt upp, sem ekki næst til heldur ekki hægt að komast ofan frá vegna bratta. Þarna verpti í mörg ár hrafn." Jósefshellir er af þessu að dæma sami og Urriðakotshellir, þ.e. er syðri hellirinn sem er lokaður í annan endann.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Erla Bil Bjarnardóttir, 1991: Örnefnalýsing Vífilsstaða skráð eftir Guðrúnu P. Helgadóttur.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A/B3-4, 147, Vífilsstaðir nr. A17, 50-51 / B17, 46-8.

1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí

1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Svanur Pálsson, 1988: Örnefnalýsing Vífilsstaða skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Mariuhellar Fjárhellar Urriðakotshellir Jósefshellir.

Urriðakot 117902 174 - 73

Sérheiti: Sauðahellirinn nyrðri

Hlutverk: Landamerki, Fjárskýli

Tegund: Heimild 465

Staðhættir

Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Sauðahellir, "allgóður fjárhellir í hraunbrúninni neðan til við Kolanef" í Vífilsstaðahlíð. "Þar hafðir sauðir frá Urriðakoti." (B149). Í Ódagsettri örnefnalýsingu segir að landamerki Urriðakots liggi frá Mariuhellum "suður eftir hraunbrúninni, og var þar ekki örnefni utan Sauðahellirinn nyrðri í brúninni móti Kolanefi." (Bls. 3). Skv. Landamerkjaskrá lá línar frá Mariuhellum "frammi vörðuna sín megin á Norðurhellragjáarbarm [...]". Í Örnefnalýsingu Urriðakots 1988 segir Svanur Pálsson að þetta sé í norðaustur frá rústum beitarhúss (nr. 45): "í norðausturbrún hraunsins gegnt Kolanefi í Vífilsstaðahlíð við Kolanefsflöt [...] er lítill hellir, sem nefnist Sauðahellir. Veit op hans að hliðinni, og eru hlaðnir kampar báðum megin við innganginn. Við hann var sauðum frá Urriðakoti gefið á gadd (á jörðina) allt frá því, að heimildarmaður man fyrst eftir sér til 1933. Heyið var borið heiman frá Urriðakoti í poka á bakinu." (Bls. 4-5).

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149.

1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Örnefni

Sauðahellir



Grjóthaugar í túninu í Urriðakoti

Urriðakot 117902 174 - 74

Hlutverk: Grjóthaugur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399217,213579 Y: 358167,195273

Lengd: 7 m

Breidd: 7 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir

Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús (174-6) í lægð sem gengur frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur (174-75/76/77/78).

Lýsing

Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustóra og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðust öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga (174-74) sker sig úr hún er hringlaga og er 7x7 m. Hinar eru allar svipað stórar um 8m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149.

1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.



Grjóthaugur 174-5

Urriðakot 117902 174 - 75

Hlutverk: Grjóthaugur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399207,94531

Y: 358180,214932

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir

Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús (174-6) í lægð sem gengur frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur (174-75/76/77/78).

Lýsing

Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustóra og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðust öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga (174-75) sker sig úr hún er hringlaga og er 7 x 7 m. Hinar eru allar um 8m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149.

1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí

1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 76

Hlutverk: Grjóthaugur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399214,088702 Y: 358202,701451

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir

Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús (174-6) í lægð sem gengur frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur (174-74/75/77/78).

Lýsing

Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustóra og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðust öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga (174-75) sker sig úr hún er hringlaga og er 7 x 7 m. Hinar eru allar svipað stórar um 8m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149.

1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.
Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 77

Hlutverk: Grjóthaugur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399219,169973 Y: 358218,632026

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir

Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús (174-6) í lægð sem gengur frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur (174-74/75/76/77/78).

Lýsing

Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustóra og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðust öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga (174-75) sker sig úr hún er hringlaga og er 7 x 7 m. Hinar eru allar svipað stórar um 8m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149.

1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí

1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 78

Hlutverk: Grjóthaugur

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: X: 399231,356844 Y: 358230,39866

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir

Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús (174-6) í lægð sem gengur

frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur (174-74/75/76/77/78).

Lýsing

Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustóra og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðust öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga (174-75) sker sig úr hún er hringlaga og er 7 x 7 m. Hinar eru allar svipað stórar um 8m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149. 1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.



Rúst 174-79

Urriðakot 117902 174 - 79

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning: X: 399255,676787 Y: 358168,847948

Lengd: 16 m

Breidd: 12 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir

Í suður frá bæjarstæðinu ofan við tóft 174-4 er þúst eða lítill hóll í túninu.

Lýsing

Við vettvangsskráningu var þessi meinta þúst skráð. Erfitt að meta hvort þetta sé manngerðar minjar eða náttúrulegur hóll, en ástæða er til að kanna það nánar. Hólinn er um 16 m x 12 m og hæðin frá 20 cm allt 170 cm

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149. 1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.



Útihús 174-80

Urriðakot 117902 174 - 80

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399191,854572 Y: 358252,671217

Hleðsluhæð: 40 m

Lengd: 6 m

Breidd: 6 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir

Á túni fyrir framan túngarðinn og ofan við veginn í norðvestur af bænum er kvíaflöt.

Lýsing

Á vettvangi fannst rúst sem er um 6 metra á lengd og um 6 metra á breidd, inngangur í suður að vatninu. Inngangurinn er um 1, 5 metri og veggjarhæð um 30 til 55 cm. Sennileg er þetta útihús en það hefur verið á einhverjum tíma bárujárnsþak á henni, ekki kemur neitt fram í heimildum eða frá heimildamönnum að þetta séu kvíarnar á flötinni. Enda ekki vanin að kvíar hafi haft þak. Sennilega er þetta útihús frá síðustu öld, það má vel vera að undir tóftinni séu kvíarnar.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149. 1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.



Rúst 174-81

Urriðakot 117902 174 - 81

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399535,60838 Y: 358119,876348

Hleðsluhæð: 40 m

Lengd: 10 m

Breidd: 5 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmda

Staðhættir

Fyrir sunnan túngarðinn aðeins ofan við núverandi heimreið að Urriðakoti.

Lýsing

Tóftin er að mestu hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er um 10 m á lengd og 5 m á breidd, veggirnir eru ekki allir jafn greinilegri norðurhliðin er sýnum best, en veggjarhæð er um 40 cm. Hlutverk hennar óþekkt en sennilega aðhald fyrir skepnur t.d kvíar eða rétt.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149.

1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí

1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.



Húsgrunnur 174-28

Urriðakot 117902 174 - 82**Hlutverk: Húsgrunnur****Tegund: Tóft****Hleðsluhæð: 40 m****Lengd: 6 m****Breidd: 6 m****Ástand: Ómetið****Hættumat: Mikil hætta****Hættuorsök: Framkvæmda****Staðhættir**

Fyrir norðan Kvíaflötina ofan við veginn og rétt ofan við Urriðavatn um 30 m.

Lýsing

Steyptur húsgrunnur um 15 m á lengd og 7 m á breidd. Minjar frá síðustu öld.

Heimildaskrá

Ari Gíslason: Ódagsett örnefnalýsing Urriðakots.

Gísli Sigurðsson: 1964, Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðah. /Garðahr.: Hafnarf. og Hraunum: Urriðakot nr. A148 / B149. 1890, Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834.

Svanur Pálsson, 1978, bætt 1988: Örnefnalýsing Urriðakots skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti.

Urriðakot 117902 174 - 83**Sérheiti: Mariúhellar****Hlutverk: Hellir****Tegund: Heimild 465****Ástand: Ómetið****Staðhættir**

Í Svínahrauni rétt norðaustan við vegamót Flóttavegar og Heiðmerkurvegjar eru Mariúhellar. Þeir eru tveir og eru á mörkum Urriðakots og Vífilsstaða. Hellarnir voru fyrrum notaðir sem fjárhellar. Nyrðri hellirinn var notaður frá Vífilsstöðum, en hinn frá Urriðakoti. Þessir hellar eru oftast kallaðir Vífilsstaðahellar (ÖS, 1988).

Heimildaskrá

Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.

Urriðakot 117902 174 - 84**Sérheiti: Dyngjuhóll****Hlutverk: Varða****Tegund: Heimild 465****Ástand: Ómetið**

Staðhættir

Suður af Maríuhellum, rétt sunnan við Heiðmerkurveginn er stór hraunhóll, sem áður var með einni vörðu, en nú með mörgum. Hann kallaði Urriðakotsfólkið Dyngjuhól, en Vífilstaðafólkið Hádegishól, og var hann eyktamark þaðan (ÖS, 1988).

Heimildaskrá

Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.

Urriðakot 117902 174 - 85

Sérheiti: Sauðahellir

Hlutverk: Hellir

Tegund: Heimild 465

Ástand: Ómetið

Friðlýst: Já

Staðhættir


Í norðaustur frá rústum beitarhússins í norðausturbrún hraunsins gegnt Kolanefi í Vífilstaðahlíð við Kolanesflöt, er lítill hellir, sem nefnist Sauðahellir. Veit op hans að hlíðinni, og eru hlaðnir kampar báðum megin við innganginn (ÖS, 1988). Sauðahellir er í Selgjá. Hann er norðan við vörðu á Gjáréttargötu, Gjáréttargatan er vörðuð gegnum hraunið. Hellir þessi er friðlýstur (ÖS, 1988).

Aðrar upplýsingar

Seltóftir margar, hellar og önnur mannvirki í og við norðurenda Selgjár. Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964 (Skrá, 1990).

Heimildaskrá

Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.



Stríðsminjar

Minjar um veru breska og bandaríska hersins í Urriðaholti eru mikilsverð heimild um þátt Íslands í seinni heimsstyrjöld. Leifar mannvirkjanna, sem reist voru í stríðinu, eru minnisvarði um vígbúnað bandamanna gegn ógnum Þriðja ríkisins. Þær hafa jafnvel alþjóðlegt minjagildi. Ekki var saga hvernar rústar eða hver rúst skráð nákvæmlega, en herminjar eru ekki verndaðar í þjóðminjalögunum. Þó hefur sú hefð skapast á síðustu árum að slíka minjar eru skráðar en ekki mældar upp nákvæmlega eins og gert er þegar um fornleifar er að tefla. Eins og sést á kortinu er um allstórt svæði að ræða og fjöldi húsgrunna og annarra minja mikill. Það er Fornleifaverndar ríkisins að ákvarða nánar um þetta svæði, hvort þurfi að skrá minjarnar enn frekar eða friða, en auðvitað væri mjög áhugavert að skoða sögu þessara minja með því að ráðast í heimildavinnu um hvað fór fram á staðnum.

Ekki er að sjá að hermannvirkin hafi raskað minjum á svæðinu, en umsvifin hafa verið töluverð. Byggðin var austast í Urriðaholti, en holtið er gróðurlítið og grýtt á því svæði. Gefur þó augaleið að ábúendur í Urriðakoti hafi orðið hennar vör með áþreifanlegum hætti.



Við lok heimsstyrjaldarinnar glötuðu hernaðarmannvirkin upphaflegu hlutverki sínu og voru nýtt til annarra þarfa eða fjarlægð og eyðilögð. Pólitískt andrúmsloft á kaldastríðsárunum olli því að víða var hart gengið fram í að eyða ummerkjum um veru hersins á Íslandi. Þeim mun athyglisverðari verða þá þær stríðssögulegu minjar, sem orðið hafa eftir, og hefur áhugi almennings og ferðamanna vissulega aukist á þeim. Stofnað hefur verið stríðsminjasafn á Austfjörðum sem verður án efa öðrum hvatning til varðveislu heimilda um þetta tímabil í Íslandssögunni.

Herminjar eru margar enn greinilegar í Urriðaholti, fæstar heillegar, en allt um það áþreifanlegur vottur um hlutdeild Íslands í orrustunni um Atlantshaf. Ber mest á steinsteyptri stjórnstöðinni, nokkrum steyptum grunnum, litlum turni og hliði inn á svæðið.



Samantekt

Sé haft í huga hve lengi fram á 20. öldina var búið á Urriðakoti kemur ekki á óvart að fornminja, sem getið er í heimildum og vænta má á jörðum þar sem hefur verið samfelld búseta frá því seint á miðöldum, sjái óvíða stað nú orðið. Yngri byggingar á jörðinni eru enn sýnilegar, Flestar eru ekki fornleifar í skilningi laganna, en búast má við því að eldri minjar sé að finna undir flestum þeirra. Það er engan veginn víst að allar markverðar fornleifar séu glataðar, því að margt getur leynst í jörðu og enn er að finna mjög áhugaverðar minjar á svæðinu, s.s. lítil rétt. Búsetulandslagið er mjög áhugavert því að enn stendur túngarðurinn og ramar inn minjarnar á jörðinni.


Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna en einstakar minjar út af fyrir sig.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur jafnframt verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðaþjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Með því að fornleifaskráning fór fram áður en deiliskipulagsvinnu á öllu svæðinu var lokið er ekki unnt að gera nákvæmt hættumat eða leggja til mótvægisáðgerðir, en á því svæði sem fyrir liggur deiliskipulag eru engar minjar í hættu. Aftur á móti ætti að vera unnt að taka tillit til fornminja við skipulagsgerð út frá þessari skráningu, þegar kemur að því að deiliskipuleggja þann hluta sem bæjarstæði er á og heimatúnið.

Við fornleifaskráningu eru einnig gerðar tillögur um hvernig varðveita megi fornminjar í landslaginu og gera þær aðgengilegar og kynna þær fyrir almenningi, sem kann að þykja æskilegt við skipulag á jörðum eins og Urriðakoti. Þar er útivist stunduð og uppbygging á sér stað, s.s. golfvöllur. Þá eru gerðar tillögur um frekari rannsóknir þegar við á.



Niðurstöður

Í heimatúni Urriðakots og þeim hluta jarðarinnar sem skráður var á vettvangi eru sýnileg merki um fornleifar á 36 stöðum og til eru heimildir um fornleifar á 44 stöðum í viðbót, en þeirra sjást ekki merki lengur. Alls eru 85 fornleifar skráðar á jörðinni og þar á meðal eru 3 staðir tengdir sögu eða þjóðsögum, sbr. gagnagrunninn Sarp 24. febrúar 2005. Er fjöldi herminja ekki með þessari tölu.

Eftirfarandi minjar verðskulda sérstaka umfjöllun:

Bæjarstæði á Urriðakoti

Þær minjar sem eru nú á bæjarstæðinu eru ekki fornleifar í skilningi laganna en það fer ekki á milli mála að í jörðu eru leifar eftir búsetu frá eldri tíð. Því þarf að huga vel að raski eða framkvæmdum á bæjarhólnum og gæta sín sérstaklega.

Túngarðurinn

Hann er mjög heillegur og myndar eina heild á jörðinni umhverfis bæinn og er ekki ósennilegt að hann sé í grunninn frá elstu tíð byggðar. Afar mikilvægt er að reyna að varðveita hann og láta hann njóta sín í nýju skipulagi á svæðinu.

Aðrar minjar innan túngarðs

Leifar af útihúsum innan túngarðs eru frá þeim tíma sem þjóðminjalög ná ekki til. Sama á þó við um þær og bæjarstæðið að undir þeim eru sennilega leifar af eldri húsum. Því þarf að huga vel að raski eða framkvæmdum nærri þeim.

Rúst 174-79 innan túngarðs

Það eru engar heimildir um útihús á þessu svæði og það er heldur ekki alveg ljóst hvort um náttúrulegan hól sé að ræða. Því er mikilvægt að þar fari fram könnun með könnunarskurði á vegum fornleifafræðings áður en nokkru er raskað.

Vörður á Urriðaholti

Tvær hlaðnar vörður standa enn á holtinu og er mikilvægt að reyna raska þeim ekki. Önnur hefur þó látið á sjá og mætti lagfæra hana með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Herminjar í Urriðakotsholti

Þær eru ekki verndaðar í þjóðminjalögunum en full ástæða er fyrir þá sem vinna við skipulagið að reyna hlífa þeim. Fornleifavernd ríkisins þarf að taka afstöðu til þess hvort um fullnægjandi skráningu er að ræða eða hvort eigi að friðlýsa minjarnar sjá 9gr. þjml. Nr 107/2001. Herminjar eru margar enn greinilegar í Urriðaholti og má sjá hvernig lítið “þorp” hefur verið þarna á stríðstíma. Minjar um veru breska og bandaríska hersins í Urriðaholti eru mikilsverð heimild um þátt Íslands í seinni heimsstyrjöld.

Umhverfis Urriðakotsvatns

Þar sem skipulagið leggur til að friðlýsa umhverfis Urriðakotsvatn munu þær minjar ekki vera í neinni hættu vegna skipulagsins 174-29/30/31/34/36, þá mun lítill hluti af mógröfunum 174-36 vera inni á deilskipulagssvæðinu U-1.

Aðrar minjar í Urriðakotslandi

Sem eru utan við skipulagssvæðið voru ekki skráðar á vettvangi en búið er að fullvinna heimildavinnu við það svæði og er því það látið vera hluti af skýrslunni enda er um eitt minjasvæði að ræða. Sú skráning mun nýtast Sveitarfélaginu og minjavörslunni.

Erfitt getur verið að ákvarða af hvaða sökum minjar sjást ekki á yfirborði en sjaldnast er það svo að þær séu algerlega horfnar heldur hafa þær oft verið sléttaðar undir tún

eða lent undir byggingum og geta leifar þeirra þá komið í ljós við framkvæmdir síðar. Aðalrústasvæði í landi Urriðakots er heima við bæinn og innan túngarðs, bæjarhóllinn sjálfur og leifar útihúsa. Þar er mest hætt á að minjum verði raskað en þær sem eru umhverfis Urriðakotsvatns, enda gert ráð fyrir að friðlýsa umhverfis vatnið. Verður ávallt að hafa sérstaka gát við hvers konar rask þar sem vænta má fornleifa og leita samráðs við Fornleifavernd ríkisins áður en ráðist er í meiriháttar framkvæmdir.

Þar sem skipulagið mun taka mið af því að gera umhverfið vistvænt og einnig af möguleikum á útivist eða grænum svæðum, er ekki úr vegi að setja upp skilti á fleiri en einum stað til að kynna sögu svæðisins og gera göngukort þar sem minjar og heimildir um minjar á jörðunum eru merktar inn.

Fornleifalisti fyrir Urriðakot


Urriðakot	Hlutverk	Tegund	Hnit	Hnit
117902-174-1	Bústaður	Bæjarstæði	399386,004034	358165,261936
117902-174-2	Kálgarður	Garðlag	399379,700480	358144,250090
117902-174-3	Útihús	Tóft	399368,896054	358158,677720
117902-174-4	Útihús	Tóft	399355,326738	358166,942884
117902-174-5	Útihús	Tóft	399232,189632	358154,389575
117902-174-6	Útihús	Heimild	399180,058431	358191,761154
117902-174-7	Lambhús	Tóft	399302,361514	358214,301472
117902-174-8	Fjánhús	Tóft	399338,517261	358226,196291
117902-174-9	Túngarður	Garðlag	399498,585485	358179,839125
117902-174-10	Rétt	Tóft	399176,305806	358204,513053
117902-174-11	Traðir	Leið	399356,037413	358130,923071
117902-174-12	Leið	Leið	399415,667877	358145,171058
117902-174-13	Kvíar	Heimild	399517,958429	358127,020376
117902-174-14	Álagablettur	Heimild	399497,787057	358003,050482
117902-174-15	Skotbyrgi	Heimild	399219,349221	357939,718054
117902-174-16	Salernisatha	Heimild	399455,343127	358154,756013
117902-174-17	Brunnur	Heimild	399334,635216	358137,527534
117902-174-18	Leið	Heimild	399613,010857	358132,035618
117902-174-19	Eyktarmark	Heimild		
117902-174-20	Eyktarmark	Heimild		
117902-174-21	Rétt	Heimild		
117902-174-22	Álfabyggð	Heimild		
117902-174-23	Leið	Heimild		
117902-174-24	Leið	Heimild		
117902-174-25	Eyktarmark	Heimild	399331,909722	358264,503833
117902-174-26	Varða	Heimild	399431,689000	358506,457036
117902-174-27	Rétt	Heimild	399449,939954	358219,721601
117902-174-28	Leið	Heimild		
117902-174-29	Brú	Heimild	399625,452017	357873,375241
117902-174-30	Vað	Heimild	399633,793745	357872,216668
117902-174-31	Vað	Heimild	399660,672645	357875,692388
117902-174-32	Leið	Heimild		
117902-174-33	Garður	Heimild	399518,757701	357855,950025
117902-174-34	Rétt	Heimild	399597,842325	357724,654194
117902-174-35	Kvíar	Heimild		
117902-174-36	Mógröf	Heimild	400077,188119	357883,698090
117902-174-37	Rétt	Heimild		
117902-174-38	Áningarstaður	Heimild		
117902-174-39	Örnefni	Heimild		
117902-174-40	Leið	Heimild		



117902-174-41	Leið	Heimild		
117902-174-42	Stekkur	Heimild		
117902-174-43	Rétt	Heimild		
117902-174-44	Rétt	Heimild		
117902-174-45	Beitarhús	Heimild		
117902-174-46	Örnefni	Heimild		
117902-174-47	Leið	Heimild		
117902-174-48	Leið	Heimild		
117902-174-49	Fjárhús	Heimild		
117902-174-50	Fjárhús	Heimild		
117902-174-51	Skotbyrgi	Heimild		
117902-174-52	Fjárskýli	Heimild		
117902-174-53	Samgöngubót	Heimild		
117902-174-54	Sel	Heimild		
117902-174-55	Fjárskýli	Heimild		
117902-174-56	Fjárskýli	Hellir		
117902-174-57	Byrgi	Heimild		
117902-174-58	Sel	Heimild		
117902-174-59	Fjárborg	Tóft 465		
117902-174-60	Óþekkt	Áletrun		
117902-174-61	Fjárskýli	Hellir 4		
117902-174-62	Stekkur	Tóft 465		
117902-174-63	Brunnur	Heimild		
117902-174-64	Landamerki	Heimild		
117902-174-64	Samgöngubót	Heimild		
117902-174-65	Landamerki	Heimild		
117902-174-66	Landamerki	Heimild		
117902-174-67	Landamerki	Heimild		
117902-174-68	Landamerki	Heimild		
117902-174-69	Landamerki	Heimild		
117902-174-70	Landamerki	Heimild		
117902-174-71	Landamerki	Heimild		
117902-174-71	Rétt	Heimild		
117902-174-72	Fjárskýli	Heimild		
117902-174-72	Landamerki	Heimild		
117902-174-73	Fjárskýli	Heimild		
117902-174-73	Landamerki	Heimild		
117902-174-74	Grjóthaugur	Heimild	399217,213579	358167,195273
117902-174-75	Grjóthaugur	Heimild	399207,945310	358180,214932
117902-174-76	Grjóthaugur	Heimild	399214,088702	358202,701451
117902-174-77	Grjóthaugur	Heimild	399219,169973	358218,632026
117902-174-78	Grjóthaugur	Heimild	399231,356844	358230,398660
117902-174-79	Óþekkt	Þúst	399255,676787	358168,847948
117902-174-80	Útihús	Tóft	399191,854572	358252,671217


117902-174-81	Óþekkt	Tóft	399529,210422	358122,470115
117902-174-82	Húsgrunnur	Tóft	399653,942443	358005,248829
117902-174-83	Hellir	Heimild		
117902-174-84	Varða	Heimild		
117902-174-85	Hellir	Heimild		

Kortaskrá


1. Örnefni í Urriðakotslandi
2. Fornleifaskráning innan túngarðs í Urriðakotslandi
3. Herminjar í Urriðakotslandi
4. Fornleifaskráning á Skipulagskorti
5. Heildarfornleifaskráning í Urriðakotslandi sem skipulagið nær til
6. Túnakort frá 1918
7. Loftmynd með fornleifum og skipulagsvæðinu








Urriðakot 1918





Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Örnefnastofnun

Ari Gíslason: Örnefnalýsing Urriðakots. Ódagsett.

Ari Gíslason: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ. 1958.

Erla Bil Bjarnadóttir: Örnefnalýsing Vífilsstaða skráð eftir Guðrúnu P. Helgadóttur. 1991.

Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna:

Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði og Hraunum: 1964

Landamerkjaskrá nr. 137 fyrir Urriðakot í Garðahreppi. Þinglýst 8. maí 1890 skv. landamerkjabréfi dags. 26. sept. 1834. Örnefnastofnun.

Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Urriðakots í Garðabæ skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1978, bætt 1988.

Svanur Pálsson: Örnefnalýsing Vífilsstaða skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1988.

Svanur Pálsson: Örnefni í Setbergslandi skráð eftir Guðbjörgu Guðmundsdóttur frá Urriðakoti. 1988.

Þjóðminjasafn Íslands

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson: "1300-92". Fornleifaskráning í Garðabæ 1984.

Þjóðskjalasafn Íslands

Túnakort. Uppdráttur af túni Urriðakots í Garðahreppi frá 1918.

Prentaðar heimildir

Ágúst Ó. Georgsson: Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Reykjavík 1990.

Árni Helgason: „Lýsing Garðaprestakalls 1852”. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Bls. 196-220. Reykjavík 1937-1939.

Fasteignabók löggilt af Fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931 öðlast gildi 1. apríl 1932.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Safn til sögu Garðabæjar III. Garðabæ 2001.

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1923.

Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson: „Fjórar leiðir í Gjáarétt”. Hesturinn okkar. Bls. 46-59. Reykjavík 1983.